

Staða og hlutverk þekkingarsetra í byggðapróun

Lokaskýrsla



Anna Guðrún Edvardsdóttir

Júní 2020



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og
menningarmálaráðuneytið



Anna Guðrún Edvardsdóttir

Staða og hlutverk þekkingarsetra í byggðapróun – lokaskýrsla

Þekkingarsetrið Nýheimar

Litlubru 2

780 Höfn

<http://www.nyheimar.is>

Júní 2020

Ágrip og tillögur

Þróun þekkingarsamfélagsins á landsbyggðinni hefur verið sú að þær stofnanir og/eða fyrirtæki sem starfa á sviði þekkingaröflunar og/eða miðlunar auk rannsókna hafa safnast saman undir einu þaki og mynda eina heild. Hver stofnun og/eða fyrirtæki starfar sjálfstætt að undanskildum kostnaði við sameiginlegan rekstur og verkefni. Nýheimar Þekkingarsetur á Höfn, Háskólafélag Suðurlands í Fjölheimum á Selfossi og Þekkingarnet Þingeyinga á Húsavík eru slíkar stofnanir og í daglegu tali eru þær nefndar þekkingarsetur og/eða háskólasetur.

Um nokkurt skeið hafa þessi þrjú þekkingarsetur stefnt að því að skoða stöðu og hlutverk setra sinna í byggðaþróun og fengu árið 2018 styrk frá Atvinnu- og rannsóknasjóði Sveitarfélagsins Hornafirði, Byggðarannsóknarsjóði og frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu til þess að fara í ofangreinda rannsókn. Anna Guðrún Edvardsdóttir, aðjúknkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og sérfræðingur hjá ráðgjafa- og rannsóknarfyrirtækinu RORUM ehf var ráðinn til verksins.

Verkefnið snéri að því að skerpa sýn á stöðu, hlutverk og árangur þekkingarsetra á landsbyggðinni, með sérstakri áherslu á byggðaþróun. Verkefnið fól í sér úttekt á innri starfsemi ofangreindra þekkingarsetra og rannsókn á áhrifum og stöðu þeirra gagnvart nærsamfélaginu og þau síðan borin saman, með það að markmiði að geta síðar yfirfært aðferðafræðina við rannsóknir á öðrum slíkum samfélögum á landinu. Aflað var gagna um viðhorf og væntingar almennings, starfsmanna setranna, fulltrúa atvinnulífsins og sveitastjórnarmanna í þessum byggðarlögum til þekkingarsetra og leitað leiða til að efla starfsemi þeirra með hliðsjón af niðurstöðunum. Gagna var aflað með spurningalistum, einstaklings- og rýnihópaviðtölum. Við greiningu viðtala var notast við InVivo lyklu en sú aðferð greinir þemu sem nýttust við samanburð á milli setra og greiningu orðræðu. Spurningalistar voru gerðir í SurveyMonkey umhverfinu sem er á rafrænu formi. Afurðir verkefnisins voru þrjár áfangaskýrslur þar sem niðurstöður einstaklingsviðtala, spurningalista, rýnihópaviðtala. Þessi skýrsla er lokaskýrsla verkefnisins þar sem efni áfangaskýrslanna eru reifað og set í samhengi við heildarniðurstöður og tillögur til úrbóta settar fram.

Megin niðurstaða rannsóknarinnar er að þau þrjú setur sem hér voru til rannsóknar starfa eftir hugmyndafræði þriggja þátta líkansins (Triple Helix model). Þau eru sjálf ekki ólík í uppbyggingu, þó breytileiki sé í viðfangsefnum enda byggja þau starfsemi sína á svipuðum samningum við ríkisvaldið. Mismunandi áherslur eru í skipulagi og starfsemi setranna en þau starfa öll á sama sviði; þ.e. menntun, menningu, rannsóknum og nýsköpun og innan þeirra starfa sömu rannsóknastofnanir sem stunda rannsóknir á sviði náttúru, menningar og sögu. Þá starfa setrin að menntauppbyggingu á sínu starfssvæði með áherslu á þjónustu við nemendur í fjarnámi og á sviði

framhaldsfræðslu, en það er sá þáttur í starfseminni sem er best kynntur í samfélaginu. Þá er mikilvægt fyrir setrin að flétta inn í starfsemina samfélag og umhverfi (Quatuple og quintuple helix model) og ná þannig til íbúa. Þátttakendur í rýnihópaviðtölunum ræddu ýmsar leiðir sem þeir telja vera árangursríkar en þær eiga allar það sameiginlegt að tengsl setranna og íbúa verði meira á persónulegum nótum og að starfsmenn setranna fari með kynningar á starfseminni út til íbúa. Starfsemi eins og kynning á námsráðgjöf, ráðgjöf við frumkvöðla og rannsóknarstarfsemi eru þættir sem íbúar vita minna um og mikilvægt er að kynna. Markmiðið ætti að vera að skapa sjálfbær samfélög sem sýna seiglu og vinna ætti út frá staðarnálgunarhugmyndafræðinni (place-based approach).

Eitt af meginmarkmiðum rannsóknarninnar var að leita leiða til að efla starfsemi þekkingarsetra enn frekar og/eða berja í þá bresti sem rannsóknin kann að leiða í ljós. Eitt og annað varðandi starfsemi setranna kom í ljós en segja má að þekkingarsetrin standi styrkum fótum og þykja mikilvægar stofnanir í samfélögunum. Rannsóknin leiddi í ljós nokkra bresti sem nauðsynlegt er fyrir setrin að berja í svo starfsemin nái að þjóna þeim tilgangi sem til er ætlast, þ.e. að efla samfélögin á starfssvæði þekkingarsetrinna. Eftirfarandi tillögur að úrbótum eru settar hér fram en hugsanlega þurfa setrin að fara í viðræður við ríkisvaldið og/eða sveitarfélögin um aukið fjármagn til einhverra af þessum verkefnum:

1. Markaðs- og kynningarstarf.

- 1.1. Gera átak í markaðs- og kynningarstarfi og ráða til þess fagaðila. Áhersla lögð á að kynna þekkingarsetrin sem *miðstöð* eða *one-stop-shop*.
- 1.2. Leggja áherslu á að tengjast betur samfélögum sem eru fjær höfuðstöðvunum, huga að unga fólkinu, eldri borgurum og erlendum íbúum.
- 1.3. Vinna út frá hugmyndafræðinni um staðarvitund með það að markmiðið að styrkja tengsl íbúa við þann stað og samfélag sem þeir búa í.

2. Nýsköpun

- 2.1. Hafa frumkvæðið að viðræðum við ríki- og sveitarfélög um fyrirkomulag nýsköpunarstarfs á starfssvæðum setranna til framtíðar.
- 2.2. Efla og kynna nýsköpunarstarf og ráðgjöf fyrir frumkvöðla. Sjónum sérstaklega beint að erlendum íbúum á starfssvæðunum.
- 2.3. Efla starfsemi Fab lab smiðja og tengja þær við nýsköpun og rannsóknir.
- 2.4. Kynna nýsköpunarráðgjöf og vinnuaðstöðu fyrir frumkvöðla, halda nýsköpunarkeppni grunn- og/eða framhaldsskóla og fyrir almenning, halda helgarnámskeið og annað sem beinir kastljósinu að nýsköpun.

3. Rannsóknir

3.1. Fara í samstarf við grunn- og framhaldsskóla á starfssvæðunum og skipuleggja vísindaferðir með nemendum, kennslu í vísindalegum vinnubrögðum og vefa þátttöku nemenda inn í rannsóknarverkefni.

3.2. Auka þverfaglegar rannsóknir innan setra og tengjast rannsóknarstofnunum annarra setra með rannsókni í huga þvert á svæði.

3.3. Hafa frumkvæði að rannsóknum á stöðu karla og kvenna í dreifðum samfélögum þar sem áhersla væri á líðan og lífsgæði íbúa.

3.4. Kortleggja og rannsaka stöðu erlendra íbúa með áherslu á nýsköpun, háskólanám og símenntun með það að markmiði að efla þátttöku þeirra í samfélaginu.

4. Háskólanám og símenntun

4.1. Hafa frumkvæði að viðræðum við háskólastigið um aukið framboð námsleiða í fjarnámi með áherslu á blandað nám.

4.2. Endurskoða framboð símenntunarnámskeiða í samráði við íbúa og huga að tómstundanámskeiðum, námskeið sniðin fyrir einstaka hópa og íslenskukennslu fyrir erlenda íbúa.

4.3. Efla og kynna náms- og starfsráðgjöf þannig að allir íbúar hefðu aðgang að slíkri þjónustu.

Efnisyfirlit

Ágrip og tillögur	3
1. Markaðs- og kynningarstarf.....	4
2. Nýsköpun	4
3. Rannsóknir	5
4. Háskólanám og símenntun	5
Töflur	8
Myndir	8
Formáli.....	9
Inngangur	10
1. Þekkingarsetur í fortíð og nútíð	13
1.1. Nýheimar Þekkingarsetur	14
1.2. Þekkingarnet Þingeyinga	15
1.3. Háskólafélag Suðurlands	15
2. Fræðilegur bakgrunnur.....	16
2.1. Þriggja þátta líkanið (Triple Helix model)	16
2.2. Áhrif þekkingaruppbyggingar á samfélög – staða þekkingar	17
3. Aðferðafræðin	22
3.1. Einstaklingsviðtölin.....	23
3.1.1. Viðmælendur.....	23
3.1.2. Þemagreining viðtala	24
3.2. Spurningakönnun	25
3.2.1. Þátttakendur og framkvæmd	26
3.3. Rýnihópaviðtölin.....	27
3.3.1. Þátttakendur.....	27
3.3.2. Framkvæmd.....	28
4. Niðurstöður einstaklings- og rýnihópaviðtala og spurningakönnunar.....	28
4.1. Þátttaka, kyn og aldur.....	28
4.1.1. Rýnihópaviðtöl.....	30
4.1.2. Einstaklingsviðtöl.....	31
4.2. Starfsemi og þjónusta.....	31
4.2.1. Rýnihópaviðtöl.....	34
4.2.2. Einstaklingsviðtöl.....	35
4.3. Staða, hlutverk og mikilvægi	35
4.3.1. Rýnihópaviðtöl.....	38
4.3.2. Einstaklingsviðtöl.....	39

4.4. Háskólanám og símenntun	39
4.4.1. Rýnihópar	41
4.4.2. Einstaklingsviðtöl	42
4.5. Samfélagið	42
4.5.1. Rýnihópar	43
4.5.2. Einstaklingsviðtöl	44
5. Samantekt niðurstaðna og umræður	44
5.2. Tilgangur, markmið og meginniðurstaða	45
5.3. Þátttaka, kyn og aldur	45
5.4. Starfsemi og þjónusta	45
5.5. Staða, hlutverk og mikilvægi	47
5.6. Háskólanám og símenntun	48
5.7. Samfélagið	50
6. Lokaorð	51
7. Tillögur	53
1. Markaðs- og kynningarstarf	53
2. Nýsköpun	53
3. Rannsóknir	53
4. Háskólanám og símenntun	54
Heimildaskrá	55
Viðaukar	59

Töflur

Tafla 1. Mannfjöldi eftir kyni 1998-2020.....	18
Tafla 2. Mannfjöldi eftir kyni og landssvæðum 1998-2020.....	19
Tafla 3. Íbúafjöldi í Sveitarfélaginu Hornafjörður (á starfssvæði Nýheima) eftir kyni 2003-2020 .	19
Tafla 4. Íbúafjöldi í Þingeyjarsýslum (á starfssvæði Þekkingarnetsins) eftir kyni 2003-2020	20
Tafla 5. Íbúafjöldi á Suðurlandi (á starfssvæði Háskólafélagsins) eftir kyni 2003-2020	20
Tafla 6. Fjöldi háskólanema 1997-2018 eftir kyni	21
Tafla 7. Fjöldi háskólanema 1997-2018 eftir kyni og kennsluformi (fjarnám)	21
Tafla 8. Þátttakendur á starfssvæðum setranna	23
Tafla 9. Þemu sem greind voru.....	24
Tafla 10. Erlendir íbúar búsettir á starfssvæðunum þekkingarsetranna.....	25

Myndir

Mynd 1. Þátttaka á starfssvæðum setranna	29
Mynd 2. Þátttaka eftir kyni	29
Mynd 3. Þátttaka eftir aldri	30
Mynd 4. Hefur þú notið þjónustu þekkingarsetranna?.....	31
Mynd 5. Ef já við spurningunni hér að framan, hvaða þjónustu?	32
Mynd 6. Hversu vel þekkirðu til starfsemi þekkingarsetranna?.....	33
Mynd 7. Sú starfsemi sem ég tel að íbúar þekki best.....	34
Mynd 8. Hlutverk þekkingarsetranna í samfélaginu.	36
Mynd 9. Það sem setrin eru að vinna að.	37
Mynd 10. Starfsemi setranna er mikilvæg í byggðapróun.	37
Mynd 11. Umræðan um þekkingarsetrin er jákvæð.	38
Mynd 12. Það er fjölbreytni í framboði á háskólanámi í fjarnámi.	40
Mynd 13. Það er fjölbreytni í framboði á endur- og símenntunarnámskeiðum	41
Mynd 14. Það sem einkennir samfélagið sem ég bý í.	43

Formáli

Tilurð þessa rannsóknarverkefnis má rekja til ársins 2017 þegar ég tók þátt í ráðstefnunni *Mannöldin* sem haldin var í október það ár á Höfn í Hornafirði. Þar kynnti ég niðurstöður doktorsrannsóknar minnar um samspil þekkingarsamfélagsins og byggðaþróunar á Íslandi og í Skotlandi. Í framhaldi af ráðstefnunni fengu þekkingarsetrin Nýheimar Þekkingarsetur, Þekkingarnet Þingeyinga og Háskólafélag Suðurlands undir forystu Nýheimar Þekkingarsetur mig til að vinna með þeim að umsókn um styrki til að rannsóknar um stöðu og hlutverk þekkingarsetranna í byggðaþróun. Setrin höfðu starfað í rúm 15 ár og fannst þeim tími til kominn að skoða stöðu sína í þeim samfélögum sem þau starfa og eiga að þjóna. Það eru Atvinnu- og rannsóknasjóður Sveitarfélagsins Hornafjörður, Byggðarannsóknarsjóður og Mennta- og menningarmálaráðuneytið sem styrkja rannsóknina og kann ég þeim bestur þakkir fyrir stuðninginn.

Þessi lokaskýrsla er afrakstur þeirrar vinnu en áður hafa komið út þrjár áfangaskýrslur með niðurstöðum úr afmörkuðum þáttum rannsóknarinnar en saman mynda þær eina heild. Leitað var til íbúa á starfssvæðum setranna í gagnaöflum og er skemmst frá því að segja að allir þeir sem ég leitaði til voru tilbúnir til að taka þátt eða aðstoða mig eftir föngum. Kann ég öllu því fólki sem kom að rannsókninni bestu þakkir fyrir aðstoðina en án þeirra hefði ekkert af þessu orðið að veruleika. Forstöðumönnum setranna, þeim Hugrónu Hörpu Reynisdóttur í Nýheimum Þekkingarsetri, Óla Halldórssyni hjá Þekkingarneti Þingeyinga og og Sigurði Sigursveinssyni hjá Háskólafélagi Suðurlands, sem báru hitann og þungann af skipulagningu á sínu starfssvæði þakka ég fyrir einstaklega góða samvinnu. Þá vil ég líka þakka starfsmönnum setranna, sérstaklega Þorvarði Árnasyni hjá Rannsóknarsetri Háskóla Íslands á Höfn, sem voru tilbúnir til að taka þátt eða aðstoða á einhvern hátt fyrir aðstoðina. Það hallar á engan þegar ég vil sérstaklega þakka Hugrónu Hörpu Reynisdóttur, forstöðumanni Nýheimar Þekkingarseturs fyrir samvinnuna en þar sem Nýheimar Þekkingarsetur var í forsvari fyrir rannsókninni mæddi meira á henni. Til hennar gat ég alltaf leitað og okkar samvinna gekk mjög vel.

Það er von mín að þær tillögur sem settar eru fram í þessari skýrslu komi til framkvæmda sem fyrst. Þá vona ég einnig að ég eigi eftir að vinna að fleiri skemmtilegum rannsóknarverkefnum með setrunum og/eða einstökum rannsóknarstofnunum innan þeirra í framtíðinni.

Anna Guðrún Edvardsdóttir

Inngangur

Þróun þekkingarsamfélagsins á landsbyggðinni hefur verið sú að þær stofnanir og/eða fyrirtæki sem starfa á sviði þekkingaröflunar og/eða miðlunar auk rannsókna hafa safnast saman undir einu þaki og mynda eina heild. Hver stofnun og/eða fyrirtæki starfar sjálfstætt að undanskildum kostnaði við sameiginlegan rekstur og verkefni. Nýheimar þekkingarsetur á Höfn, Háskólafélag Suðurlands í Fjölheimum á Selfossi og þekkingarnet Þingeyinga á Húsavík eru slíkar stofnanir og í daglegu tali eru þær nefndar þekkingarsetur og/eða háskólasetur. Erlendis er hægt að finna sambærilegt fyrirkomulag s.s. University of the Highlands and Islands, sem er samstarf þrettán háskóla- og rannsóknastofnana sem eru staðsett víðs vegar um hálöndin og eyjar Skotlands (Anna Guðrún Edvardsdóttir, 2016; Hills og Lingard, 2003).

Árið 2010 skipaði þáverandi menntamálaráðherra starfshóp sem skoða átti þessa þróun sem hafist hafði af krafti um aldamótin 2000. Markmiðið var að kortleggja fjármögnum, skipulag, hlutverk og rekstur setranna og hvernig væri mögulegt að efla og styrkja starfsemina, sérstaklega með auknum tengslum og samstarfi þeirra. Niðurstaða starfshópsins var sú að fjölbreytni í starfseminni væri mikil sem hafði áhrif í efnahagslegu og menningarlegu tilliti. Um væri að ræða smáar en fjölbreyttar einingar en þó væri ljóst að háskóla- og rannsóknastarfsemi og tengsl þeirra við stoðkerfi atvinnulífsins og fyrirtæki væri samfélögum mikilvæg. Því væri samstarf og samskipti lykilatriði til þess að umbreyta rannsóknum og þróunarvinnu í nýsköpun, vöruþróun, viðskiptatækifæri, samfélagsbætur og aukna velferð. Einnig kom fram að forsenda skilvirks nýsköpunarkerfis væri flæði þekkingar á milli fyrirtækja, háskóla og rannsóknastofnana. Að lokum var það niðurstaða hópsins að með enn frekara samstarfi setranna við háskóla, rannsóknastofnanir og fyrirtæki mætti nýta mannauð og aðstöðu betur og auka aðgengi nemenda og fræðimanna að auðlindum menningar og náttúru landsins (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2010). Áfangaskýrslan er góð heimild hvað varðar kortlagningu á þekkingarsetrum á landinu öllu en það sem rýrir gildi hennar er að ýmsar staðhæfingar og fullyrðingar er varðar áhrif setranna á samfélög eru ekki studdar með vísun í heimildir. Því er engin leið að fá úr því skorið hvort það sem fullyrt er sé byggt á rannsóknaniðurstöðum eða séu skoðanir og gildismat þeirra sem sátu í starfshópnum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2010, Anna Guðrún Edvardsdóttir, 2016). Dæmi um slíkar fullyrðingar eru:

Varast þarf að líta á menningu (í víðum skilningi) eingöngu sem stuðning við atvinnulífið. Menning er það sem við erum og ef menning er aum verður ekkert traust atvinnulíf byggt upp. Þess vegna þarf að leita leiða til þess að

Þekkingarsköpun setra skili sér út í samfélagið og menninguna, svo almennt menntunarstig hækkir. Góð almennt menntun, með trausta kjölfestu í siðferði, gagnrýnni hugsun og menningarsögu, þar sem hið staðbundna er tengt við hið hnattræna, gerir hvern einstakling verðmætari og eykur þannig almenna hagsæld. Með því mun almennt verðmætasköpun smátt og smátt aukast samhliða því sem einstök nýsköpunarverkefni komast á fót (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2010, bls. 68).

Síðan áfangaskýrslan kom út hefur ekki verið ráðist í formlega rannsókn á starfsemi þekkingarsetranna af hálfu ráðuneytisins en ýmsum upplýsingum um þau verið aflað. Doktorsritgerð Önnu Guðrúnar Edvardsdóttur frá 2016 fjallar um samspil þekkingarsamfélagsins og byggðapróunar á Íslandi og Skotlandi og í henni er þróun þekkingarsamfélagsins rannsökuð. Niðurstaða þeirrar rannsóknar sýndi m.a. að byggðapróun snýst um efnahagslega þætti svo sem atvinnusköpun, fólksfjölgun og rannsóknarverkefni sem einblína á aðalatvinnuvegi svæðanna. Starfsemi rannsókna- og háskólastofnana á landsbyggðinni, þar sem þekkingaröflun og miðlun á nærumhverfinu fer fram, gerir dreifðum byggðum kleift að dýpka tengslin við umhverfislega, félagslega og menningarlega þætti samfélaga og skapa þannig sjálfbær samfélög sem sýna seiglu en það er eitt af meginmarkmiðum bæði byggða- og sóknaráætlana landshluta (Anna Guðrún Edvardsdóttir, 2016).

Um nokkurt skeið hafa þrjú þekkingarsetur á landsbyggðinni; Nýheimar Þekkingarsetur á Höfn, Þekkingarnet Þingeyinga með höfuðstöðvar á Húsavík og Háskólafélag Suðurlands á Selfossi stefnt að því að skoða stöðu og hlutverk setra sinna í byggðapróun. Sótt var um styrk í Bygðarannsóknasjóð árið 2017 en ekki fékkst styrkur í það skiptið. Árið 2018 var Anna Guðrún Edvardsdóttir aðjúnkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og sérfræðingur hjá Rannsókn- og ráðgjafafyrirtækinu RORUM ehf. fengin til liðs við setrin sem rannsakandi slíks verkefnis. Nýheimar Þekkingarsetur hafði forgöngu um að sækja um forverkefnisstyrk til Atvinnu- og rannsóknasjóðs sveitarfélagsins Hornafjarðar til þess að þróa viðtalsramma og aðferðafræði sem nýst gæti þegar sótt yrði um styrki í aðra sjóði. Styrkur að upphæð kr. 400.000 fékkst til verkefnisins og var hann nýttur til forathugunar á viðtalsrammanum með viðtölum við valda aðila á Höfn. Niðurstöður forathugunarinnar leiddu til breytinga á viðtalsrammanum og út frá því var aðferðafræðin sem beitt er við greiningu viðtala mótuð.

Með niðurstöðu úr forathuginni í farteskinu var aftur sótt um styrk að upphæð kr. 5.000.000 í Bygðarannsóknarsjóð árið 2018 og fékkst styrkur að upphæð kr. 2.500.000. Mennta- og menningarmálaráðuneytið sýndi þessu verkefni strax áhuga og eftir viðræður á milli aðstandenda verkefnisins og ráðuneytisins ákvað Mennta- og menningarmálaráðuneytið að styrkja verkefnið um kr. 2.500.000. Verkefnið er því að fullu fjármagnað auk þess sem að setrin

fjármagna þá vinnu sem fellur á þau. Samkvæmt Fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2019 – 2023 er á stefnuskránni að „kortleggja starfsemi rannsókna-, fræða- og þekkingarsetra og í kjölfarið móta stefnu um starfsemi þeirra, í samráði við setrin, háskóla og nærsamfélag“ (Fjármála- og efnahagsráðuneytið, 2018, bls. 306). Ráðuneytið lítur svo á að þessi rannsókn sé liður í þeirri kortlagningu.

Verkefnið snéri að því að skerpa sýn á stöðu, hlutverk og árangur þekkingarsetra á landsbyggðinni, með sérstakri áherslu á byggðaðþróun. Verkefnið fól í sér úttekt á innri starfsemi þekkingarsetra og rannsókn á áhrifum og stöðu þeirra gagnvart nærsamfélaginu. Það var gert með ítarlegri skoðun þriggja þekkingarsamfélaga á Íslandi (Nýheimar Þekkingarsetur á Höfn, Háskólafélag Suðurlands á Selfossi, Þekkingarnet Þingeyinga á Húsavík) og þau síðan borin saman, með það að markmiði að geta síðar yfirfært aðferðafræðina við rannsóknir á öðrum slíkum samfélögum á landinu. Aflað var gagna um viðhorf og væntingar almennings, starfsmanna setranna, fulltrúa atvinnulífsins og sveitastjórnarmanna í þessum byggðarlögum til þekkingarsetra og leitað leiða til að efla starfsemi þeirra með hliðsjón af niðurstöðunum. Gagna var aflað með spurningalistum, einstaklings- og rýnihópaviðtölum. Við greiningu viðtala var notast við InVivo lyklun en sú aðferð greinir þemu sem nýttust við samanburð á milli setra og greiningu orðræðu. Spurningalistar voru gerðir í SurveyMonkey umhverfinu sem er á rafrænu formi. Afurðir verkefnisins voru þrjár áfangaskýrslur þar sem niðurstöður einstaklingsviðtala, spurningalista, rýnihópaviðtala voru birtar en í lokin var gefin út heildarskýrsla þar sem niðurstöður eru kynntar og tillögur til úrbóta settar fram.

Tilgangur verkefnisins var að rannsaka stöðu, hlutverk, árangur og áhrif þekkingarsetranna á nærsamfélagið. Meginmarkmið þess voru:

- (a) að kortleggja núverandi stöðu og hlutverkaskiptingu þekkingarsetra í þremur ólíkum samfélögum: Hornafirði, Húsavík og Selfossi.
- (b) að rannsaka hver áhrif þessara þriggja þekkingarsetra á nærsamfélagið eru.
- (c) að afla upplýsinga um viðhorf almennings í þessum samfélögum til þekkingarsetra sem eru starfrækt þar.
- (d) Í þriðja lagi að leita leiða til að efla starfsemi þekkingarsetra enn frekar og/eða berja í þá bresti sem rannsóknin kann að leiða í ljós.

Í þessari lokaskýrslu verða niðurstöður úr einstaklingsviðtölum, spurningalistum og rýnihópaviðtölum kynntar. Henni er skipt á eftirfarandi hátt: Í kafla eitt verður annars vegar almenn umfjöllun um þekkingarsetur og hins vegar umfjöllun um hvert og eitt setur sem tók þátt í rannsókninni, þ.e. Nýheimar Þekkingarsetur, Þekkingarnet Þingeyinga og Háskólafélag

Suðurlands. Kafli tvö fjallar um þá fræðilegu nálgun sem unnið var út frá og staða þekkingar kynnt. Í kafla þrjú verður fjallað um þá aðferðafræði og þær aðferðir sem beitt var við túlkun eintaklingsviðtala, spurningalista og rýnihópaviðtala. Í kafla fjögur verður umfjöllun um niðurstöður úr viðtölunum og spurningalistunum aðalviðfangsefnið, í kafla fimm niðurstöður úr þeirri greiningu kynntar og í kafla sex verða niðurstöðurnar reifaðar og þær settar í samhengi við markmið verkefnisins og fræðilega umfjöllun. Að lokum eru svo settar fram tillögur til úrbóta og/eða næstu skref í þróun þekkingarsetranna sem þátt tóku í rannsókninni til framtíðar.

1. Þekkingarsetur í fortíð og nútíð

Ríkisvaldið leggur fjármagn til starfsemi átta þekkingarsetra á landsbyggðinni. Hlutverk þeirra er að efla þekkingarstarfsemi og rannsóknir í nærsamfélagi þeirra sem byggjast á svæðisbundinni sérstöðu samfélags, atvinnulífs og náttúru. Litið er á að það sé mikilvægt að efla tengsl setranna við háskóla og rannsóknastofnanir, staðbundið atvinnulíf og samfélag með það að markmiði að efla dreifðar byggðir (Fjármála- og efnahagsráðuneytið, 2018). Þessi setur eru: Nýheimar á Höfn í Hornarfirði, Háskólafélag Suðurlands, Þekkingarnet Þingeyinga, Austurbrú, Háskólastræt Vestfjarða, Þekkingarsetur Vestmannaeyja, Þekkingarsetrið á Blönduósi og Þekkingarsetur Suðurnesja í Sandgerði.

Eins og kom fram hér að framan hófst uppbygging þekkingarsetra á landsbyggðinni upp úr aldamótunum 2000. Forsögu þess má rekja til aukins framboðs á háskólanámi í fjarnámi og kröfum um aðstöðu fyrir nemendur í slíku námi til að koma saman og stunda sitt nám. Þá hafði áhrif sú aukna meðvitund samfélaga víða um land á mikilvægi svæðisbundins rannsóknastarfs og upplýsingaöflunar til hagnýtra verkefna. Þessi þróun átti sér stað í kjölfar og að nokkru leyti samhliða myndun og þróun símenntunarmiðstöðva víða um land sem stofnaðar voru öðru fremur til að mæta eftirspurn eftir grunnfræðslu fyrir fullorðið fólk, þar á meðal um íslenskukennslu fyrir erlenda starfsmenn sem ráðnir höfðu verið til starfa, aðallega í sjávarútvegi. Sums staðar hefur þróunin orðið sú að þessar stofnanir sem sinna símenntun fullorðinna og rannsókna- og háskólastarfi hafa sameinast og unnið að sínum verkefnum undir einum hatti á sínu svæði. Á fleiri stöðum hafa þó þessar einingar verið reknar hvor í sínu lagi innan síns héraðs. (Anna Guðrún Edvardsdóttir, 2016; Menntamálaráðuneytið, 2003; 2004).

Samhliða ofangreindri uppbyggingu óx rannsóknastarfsemi fiskur um hrygg með stofnun Náttúrustofa í hverjum landshluta, en áður höfðu bæði Matis, Hafrannsóknarstofnun og Háskóli Íslands sett upp starfsstöðvar á ýmsum stöðum á landsbyggðinni. Þá hafði Bygðastofnun ráðið atvinnuráðgjafa í hverjum landshluta sem lagði grunninn að stofnun Atvinnuþróunarfélaganna. Vísi að þróunarsetrum var að finna á ýmsum stöðum á landinu en þar höfðu safnast saman undir

einu þaki ýmsar rannsókna- og þjónustustofnanir sem höfðu hag af því að starfa saman og gátu með þessu móti nýtt starfsmenn og aðra stoðþjónustu. Um aldamótin var ljóst að háskólamenntun og símenntun auk rannsókna, nýsköpunar og þjónustu við íbúa dreifðra byggða myndaði þekkingarsamfélag sem best væri komið fyrir undir einu þaki til að nýta mætti betur þekkingu, fjármagn, tæki og starfsfólk (Anna Guðrún Edvardsdóttir, 2016; Menntamálaráðuneytið, 2003; 2004; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2010).

Í þessari uppbyggingu sáu hinar dreifðu byggðir tækifæri til þróunar og má kannski segja að væntingar sveitastjórnarmanna og íbúa hafi ekki verið í samræmi við þá útkomu sem síðar varð. Upphaflega voru kröfurnar þær að stofnaðir yrðu háskólar á svæðunum sem byðu upp á nám og rannsóknir tengd sérstöðu hvers svæðis (Menntamálaráðuneytið, 2003; Menntamálaráðuneytið, 2004). Einn viðmælandi nær að fanga þá hugmyndafræði og orðræðu sem var í gangi á þessum tíma þegar hann segir:

...en ég hugsa að fólk þekki þetta (þekkingarsetur) ákaflega lítið hér á þessu svæði. Ég hugsa að það séu sárafáir sem átti sig á hvað þetta er. Á sínum tíma var þetta stofnað því þá var mjög „in“ að vera í háskóla einhverju, það var bara þannig. Það voru allir í háskólunum og það var allt að gerast í háskólunum; það átti að verða stóriðja og þá var þetta ákveðið, en menn vissu samt ekkert hvað þeir voru að gera. Margir héldu að við værum að fara að byggja háskólahús eða eitthvað, að það væri bara Háskóli svæðisins; það var hugmyndin þá.

Frá árinu 2002–2010 var mesti vöxturinn í uppbyggingu rannsókna- og/eða þekkingarsetra. Setrin þrjú sem taka þátt í þessari rannsókn voru, sem slík, stofnuð á árabílinu 2002–2008. Þau hafa eðli málsins samkvæmt þróast og breyst eftir því sem árin líða (Nýheimar þekkingarsetur, 2018.; Sveinn Aðalsteinsson, 2008; Þekkingarnet Þingeyinga, e.d1.). Hér að neðan er stutt umfjöllun um hvert þessara þriggja setra.

1.1. Nýheimar þekkingarsetur

Nýheimar voru byggðir árið 2002 og flutti Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu á efri hæð húss Nýheima. Frá þeim tíma hafa ýmsar stofnanir haft aðstöðu á neðri hæðinni. Nýheimar þekkingarsetur var síðan stofnað sem sjálfstæð eining árið 2013 og er meginmarkmið þess að efla samvinnu ólíkra stofnana og skapa þannig öflugt þekkingarsamfélag, stuðla að jákvæðri byggðapróun og bæta lífsgæði á svæðinu. Þekkingarsetrið er samstarfshattur ólíkra stofnana sem starfa á sviði menntunar, menningar, nýsköpunar og rannsókna á Suð-Austurlandi. Stofnanirnar sem eru til húsa í Nýheimum eiga flestar aðild að setrinu og eiga fulltrúa í stjórn þess. Þær stofnanir sem eiga aðild að Nýheimum þekkingarsetri eru: Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu, Háskólafélag Suðurlands, Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Náttúrustofa Suðausturlands, Ríki Vatnajökuls, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, Háskóli Íslands, Vatnajökulspjóðgarður,

Skólaskrifstofa Hornafjarðar, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Matís og Vöruhúsið. Eitt af því sem setrið leggur áherslu á er að leiða samstarf ofangreindra stofnana og stýra samstarfsverkefnum þeirra (Nýheimar Þekkingarsetur, e.d.). Sveitarfélagið Hornafjörður tilheyrði áður samtökum sveitarfélaga á Austurlandi og tóku Nýheimar þátt í samstarfi Austurbrúar þar til ákveðið var að Hornafjörður skyldi tilheyra samtökum sveitarfélaga á Suðurlandi. Nú eiga Nýheimar samstarf við Fræðslunetið – Símenntun á Suðurlandi um símenntun í sveitarfélaginu og hefur Fræðslunetið aðstöðu í húsnæði Nýheima (Nýheimar Þekkingarsetur, e.d.).

1.2. Þekkingarnet Þingeyinga

Þekkingarnet Þingeyinga var stofnað árið 2003 undir nafninu „Þekkingarsetur Þingeyinga“ og voru verkefni þess að sinna háskólanámsþjónustu og rannsóknastarfi á sínu starfssvæði. Fyrstu árin starfaði stofnunin samhliða símenntunarmiðstöðinni Fræðslumiðstöð Þingeyinga sem hafði verið stofnuð nokkrum árum áður. Árið 2006 tóku stjórnir beggja stofnana þá ákvörðun, í samráði við Mennta- og menningarmálaráðuneytið, að sameina stofnanirnar í eina undir heitinu „Þekkingarnet Þingeyinga“ og er starfsemi þess þríþætt; þ.e. símenntun, háskólanám og þjónusta við námsmenn og rannsóknarstarf og þjónusta við það (Þekkingarnet Þingeyinga, e.d1.). Markmiðin eru m.a. að efla menntun og námsmöguleika, vera leiðandi afl í rannsóknastarfi, taka virkan þátt í að móta nýsköpunarumhverfi, sinna þjónustu við háskóla og háskólanema og efla með þessu byggð í Þingeyjarsýslum (Sveinn Aðalsteinsson, 2008). Starfssvæðið eru Þingeyjarsýslurnar og þar búa um 5.000 manns í 6 sveitarfélögum sem eru Skútustaðahreppur, Þingeyjarsveit, Norðurþing, Tjörneshreppur, Langesbyggð og Svalbarðshreppur. Þekkingarnetið er með höfuðstöðvar á Húsavík en er að auki með starfsstöðvar á Þórshöfn, Raufarhöfn, Kópaskeri, Laugum í Reykjadal, í Mývatnssveit og í Bárðardal. Misjafnt er hvaða starfsemi er á hverri starfsstöð; allt frá mönnum starfsstöðvum með námsverum sem opin eru allan sólarhringinn yfir í grunnaðstöðu til að sinna námsþjónustu, kennslu og prófahaldi (Þekkingarnet Þingeyinga, e.d2.). Þekkingarnetið er sjálfseignarstofnun fjölmargra aðila með aðkomu Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri sem leggur áherslu á framhaldsfræðslu ásamt því að hasla sér völl sem miðstöð rannsókna og þróunar á sínu svæði (Sveinn Aðalsteinsson, 2008).

1.3. Háskólafélag Suðurlands

Háskólafélag Suðurlands var stofnað árið 2007 og er einkahlutafélag í eigu sveitarfélaganna á Suðurlandi. Félagið leigir húsnæði Fjölheima af sveitarfélaginu Árborg og sér um rekstur þess. Tilgangur þess er að auka búsetugæði og styrkja efnahag á Suðurlandi með uppbyggingu þekkingarsamfélags. Félagið vinnur með öðrum stofnunum á Suðurlandi að þekkingarvarðveislu, miðlun og kynningu á námsleiðum, uppbyggingu aðstöðu um starfssvæði félagsins,

þjónustumiðlun til samfélagsins auk þjónustu og ráðgjafar til þeirra sem stunda rannsóknir á svæðinu. Félagið vinnur auk þess náð með þeim þekkingarsetrum/klösum sem til staðar eru og vinnur að uppbyggingu símenntunar í samstarfi við íbúa, fyrirtæki og stofnanir. Háskólafélagið er til húsa í Fjölheimum á Selfossi en þar eru einnig aðrar stofnanir og fyrirtæki, s.s. Fræðslunet Suðurlands og Markaðsstofa Suðurlands. Þessar stofnanir, ásamt fleirum sem eru til húsa í Fjölheimum leigja skrifstofu- og/eða kennsluaðstöðu af Háskólafélaginu (Háskólafélag Suðurlands, e.d.; Sveinn Aðalsteinsson, 2008).

Í næsta kafla verður fjallað um fræðilega bakgrunn rannsóknarinnar og stöðu þekkingar um samspil uppbyggingar þekkingarsamfélags og byggða- og búsetuþróun svæðanna.

2. Fræðilegur bakgrunnur

Erlendis hafa fjölmargar rannsóknir verið gerðar á hlutverki svæðisbundinna háskóla, þekkingarsetra og/eða rannsóknastofnana í dreifbýli, þar sem þriggja þátta líkanið (Triple Helix model) hefur verið notað. Niðurstöður þeirra sýna að þekking er mikilvæg fyrir svæðisbundna þróun. Vel menntaðir íbúar eru lykilauðlind fyrir nýsköpun og rannsóknastarfsemi og mynda grunn að svæðisbundnum vexti og lífsgæðum (Etzkowitz og Leydesdorf, 1995; Välimaa og Hoffmann, 2008; Nielsen, 2010; Heng, Othman, Rasli og Iqbald, 2012; Caryannis og Campbell, 2012; Carayannis og Rakhmatullin, 2014; Colapinto og Porlezza, 2012; Nordberg, 2015 og Kolehmainen, o.fl., 2016).

Í öðrum rannsóknum á svæðisbundnum áhrifum háskóla hefur sjónum verið beint að háskólanáminu sjálfu, þ.e. flutningi ungs fólks og einkum ungra kvenna frá dreifðum byggðum til þess að stunda háskólanám (Anna Guðrún Edvardsdóttir, 2016; Berck, Tano og Westerlund, 2016; Bjarnason og Thorlindsson, 2006; Leibert, 2016) og á fjarnám á háskólastigi sem tæki til að sporna við fólksflóttu frá dreifbýlinu auk hagrænna áhrifa háskóla á umhverfi sitt (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2016). Íslensk stjórnvöld hafa þannig á hverjum tíma litið svo á að svæðisbundnir háskólar, háskólasetur og/eða rannsóknastofnanir í dreifðum byggðum gætu stuðlað að fjölgun íbúa í dreifbýli og skapað störf fyrir háskólamenntað fólk (Byggðastofnun, 1999; Hills & Lingard, 2003; Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2010).


Í köflum 2.1 og 2.2 verður kafað dýpra ofan í þessa þætti og þeir síðan settir í samhengi við orðræðuna um mikilvægi þekkingaruppbyggingar á landsbyggðinni og áhrifa þeirra á nærumhverfi sitt.

2.1. Þriggja þátta líkanið (Triple Helix model)


Til þess að tengja saman þekkingu og svæðisbundna þróun hefur hugmyndafræðin um þriggja þátta líkanið (Triple Helix model) (mynd 1) verið ríkjandi í byggðaþróun um allan heim. Sú

hugmyndafræði var fyrst kynnt af Etzkowitz og Leyersdorf árið 1995 og gengur út á að tengja saman háskólastarfsemi, atvinnulíf og stjórnvöld á hverju svæði þar sem markmiðið er að efla nýsköpun og auka þannig vöxt og hagsæld svæðisins (Anna Guðrún Edvardsdóttir, 2016).

Hins vegar hafa, á undanförunum árum komið fram fræðimenn, s.s. Heng o.fl. (2014), Caryannis & Campbell (2012), Caryannis & Rakhamatullin (2014) og Nordberg (2015) sem leggja til að bæta þurfi fjórða þættinum (Quadruple Helix model), sem er samfélagið og fimmta þættinum (Quintuple Helix model), umhverfinu, við þriggja þátta líkanið (Triple Helix model) til þess að skapa sjálfbær samfélög sem sýna seiglu. Með því að bæta við fjórða þættinum (Quadruple Helix model) þá verða menning, gildi, lífsgæði og svæðisbundin þekking hluti af stóra menginu og með fimmta þættinum (Quintuple Helix model) bætist sjónarhorn umhverfisins við og myndar þannig grunn að sköpun sjálfbærra samfélaga þar sem umhverfislegir, efnahagslegir, samfélagslegir og menningarlegir þættir sjálfbærnihugtaksins vega jafn þungt (mynd 2) (Anna Guðrún Edvardsdóttir, 2016).



Mynd 1. Þriggja þátta líkanið



Mynd 2. Fjögurra og fimm þátta líkanið

Slík hugmyndafræði ætti að eiga upp á pallborðið hér á Íslandi þar sem eitt meginmarkmið byggðastefnu stjórnvalda er að skapa sjálfbær samfélög (Alpingi, 1999, 2002, 2011, 2014, 2018). Hins vegar sýna niðurstöður doktorsrannsóknar Önnu Guðrúnar Edvardsdóttir (2016) að efnahagslegir þættir eru fyrirferðarmestir og er hluta skýringarinnar að finna í orðræðu stefnu stjórnvalda og meðal íbúanna þar sem sú skoðun að aðrir þættir munu fylgja í kjölfarið sé efnahagur byggðanna sterkur er ríkjandi.

2.2. Áhrif þekkingaruppbyggingar á samfélög – staða þekkingar

Sú orðræða sem er hvað fyrirferðarmest í íslenskri byggðaumræðu er mikilvægi þess að stöðva

brotthlutning fólks úr dreifbýli í þéttbýli og fjölga fólki og þá sérstaklega ungu og háskólamenntuðu fjölskyldufólki. Sú orðræða er áberandi þegar verið er að fjalla um uppbyggingu þekkingar- og rannsóknasetra á landsbyggðinni og slíkar stofnanir taldar laða að slíkt fólk (Anna Guðrún Edvardsdóttir, 2016; Þóroddur Bjarnason o.fl., 2016; Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2010). Í ljósi þess að fleiri konur stunda háskólanám en karlar, bæði í stað- og fjarnámi og þeirrar orðræðu um fjölgun háskólamenntaðs fólks í dreifbýli verður í þessum kafla íbúafjöldi út frá kyni skoðaður til að sjá hvort finna megi kynjamun á búsetu á landinu öllu og rannsóknarsvæðunum.

Þróun mannfjöldans á Íslandi sýnir að Íslendingum hefur fjölgað um tæplega 92 þúsund frá árinu 1998 og eins og neðangreind tafla sýnir eru karlar fleiri en konur, misjafnt er þó eftir árum hversu mikill munurinn er (tafla 1).

Tafla 1. Mannfjöldi eftir kyni 1998-2020

Ár	Alls	Karlar	Konur
1998	272.381	136.444	135.937
2003	288.471	144.287	144.184
2008	315.459	160.896	154.563
2013	321.857	161.438	160.419
2020	364.134	186.941	177.193

(Hagstofa Íslands, 2020a; Hagstofa Íslands, 2019b)

Sé hins vegar mannfjöldanum skipt eftir landshlutum og kyni kemur í ljós að í lok árs 2019 bjuggu í öllum landshlutum, þ.á.m. á höfuðborgarsvæðinu fleiri karlar en konur. Neðangreind tafla sýnir að þannig hafi það ekki alltaf verið. Fleiri konur en karlar hafa búið á höfuðborgarsvæðinu en karlar hafa verið fleiri á landsbyggðinni og svo er enn (tafla 2).

Tafla 2. Mannfjöldi eftir kyni og landssvæðum 1998-2020

Ár	Landssvæði	Alls	Karlar	Konur
1998	Höfuðborgarsvæði	164.606	81.077	83.529
	Landsbyggð	107.766	55.367	52.408
2003	Höfuðborgarsvæði	179.992	88.719	91.273
	Landsbyggð	108.479	55.568	52.911
2008	Höfuðborgarsvæði	197.945	99.499	98.446
	Landsbyggð	117.514	61.397	56.117
2013	Höfuðborgarsvæði	205.675	102.063	103.612
	Landsbyggð	116.182	59.375	56.870
2020	Höfuðborgarsvæði	233.034	118.728	114.306
	Landsbyggð	131.100	68.213	62.887

(Hagstofa Íslands, 2020c)

Þegar íbúafjöldi á starfssvæðum þekkingarsetranna, skipt eftir kyni, er skoðaður kemur í ljós að þau fylgja því mynstri sem fram kemur í ofangreindri töflu, þ.e. að fleiri karlar búa í sveitarfélögunum en konur. Mismikill kynjamunur er á búsetu á milli ára en það virðist sem að á síðustu árum hafi bilið aukist á starfssvæðum Háskólafélags Suðurlands og Þekkingarnets Þingeyinga. Skýringuna má að hluta til finna í stóriðjuuppbyggingu á Bakka við Húsavík en við hana hafa starfað að stærstum hluta karlar og einnig benda þessar tölur til að á Suðurlandi sé meira um störf fyrir karla (töflur 3, 4, 5). Íbúafjöldi í Vestmannaeyjum er ekki tekinn með í þessari úttekt þar sem Þekkingarsetur Vestmannaeyja er sjálfstætt setur og ekki hluti af Háskólafélagi Suðurlands.

Tafla 3. Íbúafjöldi í Sveitarfélaginu Hornafjörður (á starfssvæði Nýheima) eftir kyni 2003-2020

Ár	Alls	Karlar	Konur
2003	2.331	1.211	1.120
2008	2.125	1.116	1.009
2013	2.166	1.139	1.027
2020	2.434	1.287	1.147

(Hagstofa Íslands, 2020d)

Tafla 4. Íbúafjöldi í Þingeyjarsýslum (á starfssvæði Þekkingarnetsins) eftir kyni 2003-2020

Ár	Alls	Karlar	Konur
2003	4.749	2.477	2.273
2008	4.724	2.420	2.304
2013	4.832	2.469	2.363
2020	5.113	2.732	2.381

(Hagstofa Íslands, 2020e)

Tafla 5. Íbúafjöldi á Suðurlandi (á starfssvæði Háskólafélagsins) eftir kyni 2003-2020

Ár	Alls	Karlar	Konur
2003	17.026	8.863	8.208
2008	19.607	10.185	9.442
2013	19.612	10.052	9.560
2020	24.044	12.397	11.647

(Hagstofa Íslands, 2020f)

Rannsóknir sýna að það er einkum ungt fólk og konur sem flytja frá smærri samfélögum og hvað varðar konur þá virðast þær kjósa að búa í stærri samfélögum vegna þess að þar er að finna fjölbreyttari atvinnutækifæri, tækifæri til áhrifa eru fleiri og að félagslega virðist þeim líða betur þar (Anna Guðrún Edvarðsdóttir, 2016; Edvarðsdóttir, 2013; Karlsdóttir og Ingólfssdóttir, 2011; Nikk i Norden og Nordic Council of Ministers, 2018; Norðurlandaráð og Norræna ráðherranefndin, 2018). Þá sýna rannsóknir einnig að konur hafa meiri áhrif á búsetu fjölskyldunnar (Anna Guðrún Edvarðsdóttir, 2016; Bjarnason og Þórlindsson, 2006). Því er mikilvægt að hugað sé að væntingum og þörfum kvenna og hvaða merkingu konur leggja í hugtakið lífsgæði. Eitt af því eru möguleikar þeirra til að mennta sig í heimabyggð.

Um allan heim stunda fleiri konur háskólanám en karlar og svo hefur verið í þó nokkurn tíma. Sama þróun hefur verið hér á landi eins og neðangreind tafla sýnir (tafla 6).

Tafla 6. Fjöldi háskólanema 1997-2018 eftir kyni

Ár	Alls	Karlar	Konur
1997	8.100	3.243	4.858
2002	13.347	4.850	8.497
2007	16.658	5.519	10.739
2012	19.127	7.230	11.897
2018	18.346	6.473	11.873

(Hagstofa Íslands, 2020f)

Eins og sést hefur háskólanemum fjölgað jafnt og þétt frá árinu 1997. Hins vegar virðist sem að dregið hafi úr þessari fjölgun og gæti það bent til að nemendur leiti í annað nám en háskólanám, s.s. iðn-, starfs- og/eða tækninám. Þrátt fyrir það sést að um helmingi fleiri konur en karlar stunda nám á háskólastigi og helst sá munur nokkuð stöðugur (tafla 6).

Það sama er uppi á teningnum þegar þróun í fjarnáminu er skoðuð því í hinum dreifðu byggðum hafa konur nýtt sér fjarnámsmöguleikann í meira mæli en karlar og á það jafnt við hér á landi sem erlendis. Neðangreind tafla sýnir þróunina hér á landi og eins og sést er mikill meirihluti þeirra sem stunda fjarnám konur. Það virðist sem að þar fari fjarnemum fjölgandi á sama tíma og háskólanemum almennt hefur fækkað (tafla 7).

Tafla 7. Fjöldi háskólanema 1997-2018 eftir kyni og kennsluformi (fjarnám)

Ár	Alls	Karlar	Konur
1997	189	42	147
2002	927	184	743
2007	1.119	212	907
2012	1.030	237	793
2018	2.975	628	2.347

(Hagstofa Íslands, 2020g).

Rannsóknir bæði héraðs og erlendis sýna að þrátt fyrir aukna menntun kvenna á landsbyggðinni skili það sér ekki í að þær stækki og víkki athafnasvæði sitt. Konur sækja sér í meira mæli menntun á sviði kennslu eða hjúkrunar og það hefur almennt verið tengt einkasviðinu; þ.e. heimilinu. Þó þær sækja sér menntun á sviði fjármála og stjórnunar leita þær síður í stjórnunarstörf innan þeirrar atvinnugreinar sem ríkjandi er í því samfélagi sem þær búa í sem oft á tíðum er

sjávarútvegur eða landbúnaður. Einnig hafa rannsóknir sýnt að í smærri samfélögum þar sem hefðbundinn sjávarútvegur og landbúnaður er aðalvinnugreinin eru karllæg gildi ríkjandi. Í slíkum samfélögum hafa konur takmarkaðan aðgang að orðæðunni um ríkjandi kerfi (Anna Guðrún Edvardsdóttir, 2016; Edvardsdóttir, 2013; Byrne, Duvvury, Macken-Walsh og Watson, 2013, Pini, Moletsane og Mills, 2014; Karlsdóttir og Ingólfssdóttir, 2011).

Ísland er stórt en fámennt land og uppbygging þekkingarstarfs í dreifðum byggðum því talsvert ólíkt því sem gerist í þéttbýlli löndum. Á Norðurlöndunum og Bretlandseyjum hverfist þekkingarstarf oftast í kringum starfsemi háskóla sem eru staðsettir í stærstu byggðakjörnum tiltekins svæðis. Slíkir háskólar geta haft fleiri en eina starfstöð eins og t.d. University of the Highlands and Islands sem samanstendur af 13 samstarfsaðilum í hálöndum Skotlands. Um er að ræða bæði háskóla og rannsóknastofnanir sem starfa á svæðinu (Anna Guðrún Edvardsdóttir, 2016; Hills og Lingard, 2003). Þá hefur Nordregio staðið fyrir nokkrum tengdum rannsóknum um háskólastarf á dreifbýlum svæðum á Norðurlöndunum. Í einni þeirra var Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Höfn tekið sem dæmi um stöðu og starfsaðstæður minni starfseininga á háskólastigi en hin norrænu dæmin lutu öll að háskólum (Lindqvist, Olsen & Balzopoulos, 2012).

Í kafla 3 verður umfjöllun um aðferðafræði rannsóknarinnar og þeim aðferðum sem notaðar voru við gagnaöflun lýst. Byrjað verður á að fjalla um einstaklingsviðtölin, þá verður spurningakönnunin rædd og að lokum verða rýnihópaviðtölin til umfjöllunar.

3. Aðferðafræðin

Við öflun gagna í rannsókninni voru bæði tekin einstaklings- og rýnihópaviðtöl og rafrænir spurningalistar voru lagðir fyrir íbúa og er því bæði um eigindlegar og meginindlegar rannsóknaraðferðir að ræða. Tilgangur verkefnisins var að rannsaka stöðu, hlutverk, árangur og áhrif þekkingarsetranna á nærsamfélagið. Meginmarkmið þess er að svara liðum a), b), c) og d) sem kynntir voru í upphafi. Þessir liðir eru:

- a) að kortleggja núverandi stöðu og hlutverkaskiptingu þekkingarsetra í þremur ólíkum samfélögum: Hornafirði, Húsavík og Selfossi
- b) að rannsaka hver áhrif þessara þriggja þekkingarsetra á nærsamfélagið eru
- c) að afla upplýsinga um viðhorf almennings í þessum samfélögum til þekkingarsetra sem starfa þar
- d) að leita leiða til að efla starfsemi þekkingarsetra enn frekar og/eða berja í þá bresti sem rannsóknin kann að leiða í ljós.

Niðurstöður úr einstaklingsviðtölunum mynduðu grunn að gerð rafrænu spurningakönnunarinnar sem lögð var fyrir íbúa á starfssvæðunum og niðurstöður úr henni

mynduðu annan grunn að rýnihópaviðtölunum þar sem leitast var við að kafa dýpra ofan í þær niðurstöður sem þegar voru komnar fram um viðhorf til þekkingarsetranna og áhrif þeirra á nærsamfélagið.

3.1. Einstaklingsviðtölin

Tekin voru einstaklingsviðtöl og til þess að greina þemu var aðferðarfræðin inVivo lyklun valin en sú aðferðarfræði byggir á ígrundaðri kenningu (grounded theory). Ígrunduð kenning felur í sér að gögnum er safnað á sama tíma og verið er að vinna við aðra þætti verkefnisins, t.d. fræðilega umfjöllun og því er hægt að bregðast við ef eitthvað nýtt kemur upp. Markmiðið með viðtalsrannsókninni var að finna þemu, leyfa röddum viðmælenda að koma fram, tengja það við þá fræðilegu umfjöllun og stöðu þekkingar sem verkefnið byggir á auk þeirrar orðræðu sem fram kemur um stöðu og hlutverk þekkingarsetranna í byggðapróun (Anna Guðrún Edvardsdóttir, 2016; Charmichael og Cunningham, 2017; Manning 2017).

3.1.1. Viðmælendur

Tuttugu og þrjú viðtöl voru hljóðrituð, ellefu við karla og tólf við konur og voru þau tekin á tímabilinu júní – desember 2018. Í neðangreindri töflu kemur fram hvernig skiptingin á milli starfssvæða setranna var.

Tafla 8. Þátttakendur á starfssvæðum setranna

Starfssvæði	Karlar	Konur
Nýheimar Þekkingarsetur	2	6
Þekkingarnet Þingeyinga	4	3
Háskólafélag Suðurlands	5	3

Eins og sést í töflunni var hlutfall kynja nokkuð jafnt nema á starfssvæði Nýheima Þekkingarseturs. Það kom til vegna þeirra viðmiða sem kynnt verða nánar hér að neðan og vildi svo til að konur voru í meirihluta þeirra sem voru í forsvari fyrir stofnununum í Nýheimum eða á vegum sveitarfélagsins.

Afrit viðtalanna voru lykluð eftir aðferðarfræði InVivo. Markmiðið var að rödd hvers og eins kæmi fram og því var sérstakur gaumur gefinn hvernig viðmælendur settu hlutina fram. Einnig var þess gætt að rödd viðmælenda á hverju starfssvæði kæmi jafnt fram og þá var einnig gætt að kynjahlutföllum. Við hvert þema komu fram raddir frá starfssvæðunum þremur og annað hvort komu fram tilvitnanir frá tveimur konum og einum karli eða tveimur körlum og einni konu. Þemun sem komu fram í viðtölunum voru flokkuð og pöruð saman með það fyrir augum að svara markmiðum rannsóknarinnar. Þau þemu sem fram komu í öllum viðtölunum eru gerð skil í töflu 9.

Tafla 9. Þemu sem greind voru.

Greind þemu	
Samfélag	Upplifun og túlkun á samfélagsbreytingum, íbúabróun, vinnumarkaði, kynjasjónarmiðum og ríkjandi gildismati
Staða og hlutverk þekkingarsetra	Skilningur á stöðu og hlutverki þekkingarsetra í samfélögunum og þróun byggða
Orðræðan um þekkingarsetrin	Upplifun og túlkun á orðræðu um þekkingarsetrin í samfélögunum
Menntun, rannsóknir og nýsköpun	Skoðanir um háskólanám, rannsóknir, símenntun og nýsköpun

3.1.2. Þemagreining viðtala

Fyrsta skrefið í greiningu viðtala var að lykla gögnin. Það er gert með því að merkja í hverju viðtali það sem flokkar, dregur saman og útskýrir gögnin. Þegar beitt er aðferðarfræði InVivo eru viðtölin afrituð orð frá orði, þannig að það sem viðmælandi segir er í hávegum haft. Viðtölin voru hálfopin og hálfstöðluð sem hentar vel því þá er hægt að bregðast við því sem viðmælandi segir og fara dýpra í þætti sem fram koma í viðtölunum (Anna Guðrún Edvardsdóttir, 2016; Charmichael og Cunningham, 2017; Manning, 2017). Rannsakandi verður að hafa í huga stöðu sína í rannsókninni sjálfri, að hans fyrri þekking á efninu sé ekki leiðandi í viðtölunum, að hann komi að viðtölunum með opnum huga og reyni að líta á efnið utan frá (Anna Guðrún Edvardsdóttir, 2016).

Val á viðmælendum fer yfirleitt fram á meðvitaðan hátt, þannig að viðmælendur sem valdir eru þjóna tilgangi rannsóknar eða verkefnis og eru þar af leiðandi sérfræðingar í því sem spurt er um á einn eða annan hátt (Carmichael og Cunningham, 2017). Í þessu verkefni pössuðu viðmælendurnir við viðmiðin sem sett voru og varða fyrstu tvö markmið rannsóknarinnar sem eru að kortleggja núverandi stöðu og hlutverkaskiptingu þekkingarsetra í þremur ólíkum samfélögum: Hornafirði, Húsavík og Selfossi og að rannsaka hver áhrif þessara þriggja þekkingarsetra á nærsamfélagið eru. Því var ákveðið að taka viðtöl við fulltrúa þeirra sem starfa í þekkingarsetrunum eða eru í einhverjum tengslum við þau sem hluti af þekkingarsamfélagi hvers svæðis, fulltrúa úr sveitastjórnnum og úr atvinnulífinu. Forstöðumenn setranna á hverjum stað sendu rannsakanda tillögur um hugsanlega viðmælendur sem uppfylltu ofangreind viðmið, rannsakandi valdi úr og sendi viðkomandi tölvupóst þar sem verkefnið var kynnt og óskað var eftir viðtölum. Nánast allir tóku vel í að taka þátt í verkefninu, einungis tveir báðust undan því að taka þátt, báðir vegna anna. Þátttakendur völdu þá staðsetningu sem hentaði best sem yfirleitt var vinnustaður viðkomandi eða vinnuaðstaða rannsakanda á stöðunum þremur. Lögð var áhersla á

afslappað andrúmsloft á meðan viðtölin fóru fram og viðmælendur voru hvattir til að segja það sem þeim bjó í brjósti ef þeim fannst það þjóna tilgangi rannsóknarinnar. Það sem m.a. var rætt í viðtölunum var bakgrunnur viðmælanda, samfélögin sem þeir bjuggu í og þær breytingar sem orðið hafa á þeim, staða og hlutverk þekkingarsetra eða stofnana innan þeirra, símenntun, fjarnám á háskólastigi og rannsóknáherslur auk kynjasjónarmiða. Hvert viðtal tók um klukkutíma, var hljóðritað, afritað og lyklað. Raunveruleg nöfn viðmælanda koma ekki fram og ekkert í þeim gögnum sem fram koma sýnir hver þeir í raun og veru eru. Þeir eru einungis nefndir viðmælendur 1, 2, 3 o.s.frv. Spurningaramminn sem stuðst var við í viðtölunum fylgir með í viðauka (Fylgiskjal 1).

3.2. Spurningakönnun

Annar þáttur rannsóknarinnar var að leggja fyrir rafræna spurningakönnun sem birt var á heimasíðum og Facebook síðum þekkingarsetranna þriggja; þ.e. Nýheima þekkingarseturs, þekkingarnets Þingeyinga og Háskólafélags Suðurlands. Upphaflega stóð til að birta könnunina á íslensku en niðurstöður einstaklingsviðtalanna leiddu í ljós að verulegur fjöldi erlendra ríkisborgara bjó á rannsóknarsvæðunum, aðallega Pólverjar. Tafla 10 sýnir þróun á fjölgun íbúa af erlendum uppruna á starfssvæðum setranna frá árinu 2009.

Tafla 10. Erlendir íbúar búsettir á starfssvæðunum þekkingarsetranna.

	2009	2014	2020
Hornafjörður (starfssvæði Nýheima)	110	140	580
Þingeyjarsýslur (starfssvæði þekkingarnetsins)	265	315	845
Suðurland (starfssvæði Háskólafélagsins)	1.385	1.615	3.595

(Hagstofa Íslands, 2020h, 2020i, 2020j).

Eins og sést á þessum tölum hefur fjölgunin orðið mest á tímabilinu 2014-2020. Eins og fram kom í kaflanum um búsetuþróun má rekja þessa fjölgun til mikillar uppbyggingar í ferðaþjónustu í sveitarfélögunum auk stóriðjuframkvæmda á Húsavík en meirihluti þeirra sem sinna störfum í þessum greinum er erlent verkafólk.

Því var ákveðið að birta könnunina bæði á ensku og pólsku og fékk rannsakandi aðila innan Menntavísindasviðs Háskóla Íslands til að þýða spurningalistann yfir á ensku og pólsku. Spurningalistinn var búinn til í Survey Monkey sem er rafrænn vettvangur þar sem hægt er að búa til spurningakannarnir á einfaldan hátt. Könnunin var nafnlaus og ekki hægt að rekja svör til þátttakenda. Notast var við tilviljunarúrtak; þ.e. allir í þýðinu, sem eru íbúar samfélaganna, eiga jafnan möguleika á að taka þátt. Ástæða þess að farin var sú leið að hafa könnunina opna fyrir alla og birta hana á heimasíðum og Facebook síðum setranna í stað þess að vera með valið úrtak var

sú að með því vildi rannsakandi kanna hversu vel heimasíður og Facebook síður setranna eru kynntar meðal íbúa og gefur þannig vísbendingu um hver staða setranna sjálfra er í samfélögunum.

Við gerð spurningalistans voru niðurstöður viðtalanna notaðar sem grunnur að spurningagerðinni og til að ná þeim niðurstöðum sem þar birtust urðu spurningarnar 16 talsins. Byrjað var á að spyrja ýmissa bakgrunnsupplýsinga, s.s. kyn, aldur og búseta. Þá komu spurningar sem leituðust eftir að fá svör við því hvort að svarendur þekktu til starfsemi þekkingarsetranna, hefðu notið þjónustu þeirra eða hvort að starfsemi setranna væri vel kynnt í samfélaginu. Þriðji hluti spurningalistans fjallaði um þekkingarsetrin sjálf, þ.e. stöðu, hlutverk og mikilvægi þeirra er varðar þróun samfélagsins og hvort jákvæðni ríkti í garð þeirra. Spurningar er tóku til starfsemi þekkingarsetranna og háskóla landsins er varðar framboð á háskólanámi og símenntun komu þar á eftir. Að lokum voru svarendur beðnir um að merkja við hvað þeim fyndist einkenna það samfélag sem þeir bjuggu í. Spurningalistann á íslensku er að finna í viðauka (Fylgiskjal 2) og einnig er samantekt úr svörum sem komu fram í valmöguleikunum *Annað* (Fylgiskjal 3).

3.2.1. Þátttakendur og framkvæmd

Þátttakendur í könnuninni voru allir íbúar á starfssvæði Nýheima Þekkingarseturs, Þekkingarnets Þingeyinga og Háskólafélags Suðurlands. Um var að ræða rafræna könnun sem birtist á heimasíðum og Facebook síðum setranna þriggja á íslensku, ensku og pólsku. Þar voru íbúar hvattir til að taka þátt í könnuninni á þremur tungumálum og einnig komu forstöðumenn setranna upplýsingum um könnunina á framfæri við svæðisfjölmiðla. Bæði forstöðumenn og rannsakandi sendu tölvupósta á lykilaðila hvers sveitarfélags þar sem þeir voru beðnir um að hvetja íbúa til þátttöku. Rannsakandi hafði sett sér það markmið að hafa könnunina opna í mánuð til að byrja með og miðaði við að ná að lágmarki 150 þátttakendum. Könnunin fór vel af stað, en þátttakan datt niður á tímabili og var því ákveðið að hafa hana opna þar til markmiðinu væri náð. Eftir kynningar á könnuninni í svæðismiðlum og tölvupóstsendingar til lykilaðila jókst þátttakan. Könnunin var opin í tæpa þrjá mánuði, frá maílokum og fram í miðjan ágúst. Alls tóku 172 þátt í könnuninni og 90% af þeim svöruðu könnuninni á íslensku, 10% svöruðu annað hvort á ensku eða pólsku. Forstöðumenn setranna voru sammála um að erfiðlega hefði gengið að fá íbúa með annað móðurmál en íslensku til þess að taka þátt og getur það bent til þess að þekkingarsetrin séu ekki nægilega vel kynnt meðal þessara hópa. Rannsakandi ákvað í ljósi niðurstöðu um skiptingu þátttakendafjölda að við myndræna framsetningu á niðurstöðum spurningalistanna þriggja kæmu annars vegar fram niðurstöður meðal Íslendinga og hins vegar niðurstöður þeirra sem eru erlendir að uppruna, en í texta væri fjallað um niðurstöðurnar í heild sinni.

3.3. Rýnihópaviðtölin

Með rýnihópum er verið að afla gagna frá hópi af völdum einstaklingum með það að markmiði að fá fram persónulega reynslu, skoðanir, viðhorf og sjónarhorn þátttakendanna til málefna sem eru mikilvæg fyrir markmið rannsóknarinnar. Lagðar eru fyrir opnar spurningar og þær ræddar í hópnum og má segja að rýnihópar liggi einhvers staðar á milli þess að vera fundur og samræður þar sem rannsakandi stýrir framvindunni og fylgist einnig með samspili einstaklinganna innan hópsins (Kristín Guðmundsdóttir og Sigrún Júlíusdóttir, 2006; Nyumba, Wilson, Derrick og Mukherjee, 2017; Sim og Waterfield, 2019).

3.3.1. Þátttakendur

Við val á þátttakendum í rýnihópa horfði rannsakandi til rafrænu spurningakönnunarinnar og á þá hópa innan samfélaganna þar sem fáir eða engir tóku þátt. Niðurstöður spurningalistans voru á þá leið að engir yngri en 20 ára svöruðu spurningalistanum, fáir yfir 65 ára, karlar voru í miklum minnihluta og fáir íbúar af erlendum uppruna tóku þátt í könnuninni, þrátt fyrir að könnunin hafi verið birt á íslensku, ensku og pólsku. Því varð úr að rannsakandi óskaði eftir því að í rýnihópunum yrðu fulltrúar ofangreindra hópa og að leitað yrði m.a. svara við því hvers vegna þessir hópar skiluðu sér ekki í rafrænu könnuninni auk þess að kafa dýpra ofan í einstakar spurningar í henni. Fyrst voru spurningar um kyn, aldur og búsetu, þá komu spurningar sem leituðust eftir að fá svör við því hvort þátttakendur í rýnihópunum þekktu til starfsemi þekkingasetranna, hefðu notið þjónustu þeirra eða hvort að starfsemi setranna væri vel kynnt í samfélaginu. Þriðji hlutinn fjallaði um þekkingasetrin sjálf, þ.e. stöðu, hlutverk og mikilvægi þeirra er varðar þróun samfélagsins og hvort jákvæðni ríkti í garð þeirra. Hóparnir ræddu síðan þætti er tóku til starfsemi þekkingasetranna og háskóla landsins er varðar framboð á háskólanámi og símenntun. Að lokum ræddu þátttakendur um hvað þeim fyndist einkenna það samfélag sem þeir bjuggu í.

Starfsmenn setranna á starfssvæði Nýheima þekkingaseturs, þekkingarnets Þingeyinga og Háskólafélags Suðurlands höfðu það hlutverk að finna fólk til að taka þátt í rýnihópaviðtali eftir þeim viðmiðunum sem rannsakandi setti og kynnt voru hér að ofan. Ýmist var hringt í fólk eða því boðin þátttaka með tölvupósti og miðað var við að fjöldinn færi ekki yfir tíu einstaklinga á hverjum stað. Á starfssvæði Nýheima þekkingaseturs á Höfn samanstóð rýnihópurinn af níu einstaklingum en sá tíundi forfallaðist á síðustu stundu. Þessir einstaklingar voru fulltrúar íbúa yngri en 20 ára (4), eldri en 65 ára (2), erlendra íbúa (1) og almennra íbúa (2), þarf af tveir karlar. Á starfssvæði þekkingarnets Þingeyinga á Húsavík komu allir, tíu manns, sem samþykkt höfðu að taka þátt. Um var að ræða fjóra fulltrúa íbúa yngri en 20 ára, tvo eldri en 65 ára, tvo af erlendum uppruna og tvo almenna íbúa og var kynjaskipting jöfn. Þátttakan var slökust á starfssvæði Háskólafélags

Suðurlands á Selfossi en þar mættu fjórir af þeim tíu sem samþykktu að taka þátt; tveir íbúar undir 20 ára sem einnig voru af erlendum uppruna og tveir íbúar eldri en 65 ára, þar af voru þrjár konur.

3.3.2. Framkvæmd

Viðtölin fóru fram í húsnæði setranna og sátu þátttakendur í hring. Rannsakandi var með niðurstöður spurningakönnunarinnar á glærum, fór yfir þær og opnaði svo umræður um þær. Umræðurnar voru teknar upp á síma en í upphafi tók rannsakandi fram að nafnleyndar yrði gætt og ekkert sem fram kæmi á fundunum væri hægt að rekja til einstakra þátttakenda. Einnig sátu einn til tveir starfsmenn/forstöðumenn setranna fundina og tóku niður punkta. Oft beindu þátttakendur spurningum/vangaveltum sínum til starfsmannanna/forstöðumanna til að fá nánari útskýringu eða upplýsingar um starfsemi setranna. Andrúmsloftið á fundunum var afslappað og fólk var hvatt til að tjá sig af hreinskilni. Fundirnir tóku tvo klukkutíma en gert var hlé og boðið upp á léttan málsverð. Í hléinu héldu þátttakendur oft áfram að ræða málin og sköpuðust líflegar umræður.


Í næsta kafla verða niðurstöður ræddar. Við framsetningu á niðurstöðum einstaklings-, rýnihópaviðtala og spurningakönnunar verða niðurstöður rafrænu könnunarinnar settar fram myndrænt og sú orðræða sem fram kom í einstaklings- og rýnihópaviðtölunum sett í samhengi við niðurstöður spurningakönnunarinnar.

4. Niðurstöður einstaklings- og rýnihópaviðtala og spurningakönnunar

Í kaflanum verður gerð grein fyrir niðurstöðum úr einstaklingsviðtölum, rýnihópaviðtölum og spurningakönnuninni þar sem niðurstöður spurningakönnunarinnar eru kynntar á myndrænan hátt og niðurstöður viðtalanna settar í samhengi við þær niðurstöður sem þar komu fram.


4.1. Þátttaka, kyn og aldur

Niðurstöður spurningakönnunarinnar um þátttöku var að hún var misjöfn á starfssvæðum setranna en um 45% þátttakenda voru búsettir á starfssvæði Nýheima Þekkingarseturs, 34% á starfssvæði Háskólafélags Suðurlands og 22% á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga (Mynd 1). Sé þátttakan skoðuð út frá hlutfalli íbúa sem búsettir eru á starfssvæðunum kemur í ljós að þátttakan var mest á starfssvæði Nýheima Þekkingarseturs en minnst á starfssvæði Háskólafélags Suðurlands.




Mynd 1. Þátttaka á starfssvæðum setranna.

Konur voru í meirihluta þátttakenda eða tæplega 71% og karlar 29% (Mynd 2).



Mynd 2. Þátttaka eftir kyni.

Aldursbil þátttakenda var 21 árs og eldri, en 45% þátttakenda voru á aldursbilinu 21-40 ára, 48% á aldrinum 41-64 ára og 7% voru 65 ára og eldri. Enginn úr aldurshópnum 20 ára og yngri svaraði könnuninni (Mynd 3).



Mynd 3. Þátttaka eftir aldri.

4.1.1. Rýnihópaviðtöl

Í umræðum rýnihópanna um þátttöku eftir starfssvæðum, kyni og aldri kom fram hjá fulltrúum þeirra sem voru 20 ára og yngri, þeirra sem voru eldri en 65 ára og erlendra íbúa að þessir hópar hefðu ekki vitað af könnuninni og engin umræða um hana verið í þessum hópum. Ástæðan væri líklega sú að bæði yngri og eldri hóparnir fara ekki inn á heimasíður stofnana eða fyrirtækja nema þeir séu að leita að einhverju sérstöku og notuðu Facebook ekki mikið. Erlendir íbúar taka ekki þátt vegna þess að þeir telja að sú starfsemi sem fram fer í setrunum eigi ekki við um þá, nema ef vera skyldi íslenskukennsla fyrir útlendinga. Þó væri hópur erlendra íbúa sem færi ekki á námskeið og tengdist þar að leiðandi ekki því samfélagi sem það byggir í. Algengt viðhorf þátttakenda var að þeir erlendu íbúar sem hefðu búið í skamman tíma í samfélögunum hefðu minni áhuga á að aðlagast samfélaginu og að taka þátt heldur en þeir sem hefðu búið þar í lengri tíma. Einnig kom fram að pólskumælandi íbúar hefðu tilhneigingu til að halda hópinn og fylgjast með því sem gerist í heimalandinu en hefðu minni áhuga á því sem væri að gerast í þeim samfélögum sem þau byggju í. Þá töldu þátttakendur að ástæða þess að fleiri konur en karlar hefðu tekið þátt í könnuninni væri að þær þekktu betur til starfsemi setranna, því þær væru að nota þjónustu setranna eða hefðu, frekar en karlar, notað þjónustu þeirra á einhverjum tímapunkti.

Hópurinn var beðinn um að koma með tillögur að því hvernig hægt væri að ná til þeirra hópa sem ekki tóku þátt í rafrænu könnuninni. Fulltrúar hópsins 20 ára og yngri töldu að best væri að setrin tengdust framhaldsskólanum á svæðunum og væru í samstarfi við þá um miðlun upplýsinga og fræðslu um starfsemi setranna. Þá kom fram hjá þessum hópi áhugi á að fá kynningu um setrin og einstaka rannsóknastofnanir innan setranna inn í skólana. Fulltrúar 65 ára og eldri

tóku í sama streng og að vettvangurinn gæti verið félag eldri borgara í samfélögunum sem oft stæði að einhverjum uppákomum. Fulltrúar erlendra íbúa töldu bestu leiðina vera í gegnum þann aðila sem sinnti málefnum erlendra íbúa eða að setrin stofnuðu til samstarfs við stéttarfélögin en þangað leituðu erlendir íbúar oft til að fá upplýsingar um réttindi sín. Þá voru allir hóparnir sammála um að setrin ættu að nýta sér héraðsfréttablöðin. Engin viðbrögð komu fram varðandi leiðir til að ná til karla í samfélaginu.


4.1.2. Einstaklingsviðtöl

Viðmælendurnir í einstaklingsviðtölunum voru 23 og á því aldersbili sem flestir þátttakendur könnunarinnar voru, þ.e. frá 35 – 65 ára. Þeir voru flestir fæddir og uppaldir á starfssvæðum þekkingarsetranna, höfðu lokið grunn- og framhaldsskóla á svæðunum en haldið til náms á höfuðborgarsvæðinu eða til útlanda. Þar bjuggu þeir í lengri eða skemmri tíma en þegar tækifæri kom til að fara aftur „heim“ gripu þeir það. Þeir sáu mörg tækifæri fyrir samfélagið til að blómstra og höfðu mikla trú á því. Viðmælendurnir voru fulltrúar þess hóps sem var áberandi í spurningakönnuninni, þ.e. fólk á vinnualdri og endurspeglar þann hóp sem þekkir til setranna og/eða starfar þar og þekkir þá starfsemi sem þar fer fram.

4.2. Starfsemi og þjónusta


Í þessum hluta voru fjórar spurningar. Í rýnihópunum voru þær ræddar allar saman og er samantektin úr þeim umræðum aftast í þessum hluta ásamt samantekt úr einstaklingsviðtölunum.

Fyrsta spurningin í þessum hluta (sp. 4) laut að því hvort að þátttakendur hefðu á einhverjum tímapunkti notað þá þjónustu sem setrin bjóða upp á. Afgerandi meirihluti eða 75% svaraði þessari spurningu játandi en 25% höfðu ekki nýtt sér þjónustuna (Mynd 4).




Mynd 4. Hefur þú nýtt þér þjónustu þekkingarsetranna?

Í framhaldi af spurningu 4 voru þeir sem höfðu notað þjónustu setranna beðnir um að svara því hvaða þjónustu þeir hefðu nýtt sér (sp. 5) og voru nokkrir valmöguleikar í boði auk þess að boðið var upp á valmöguleikann *Annað* og þá voru þátttakendur beðnir um að tilgreina hvað það væri. Eins og fram kemur á mynd 5 er það þjónusta við nemendur á háskólastigi sem flestir hafa nýtt sér, en einnig margs konar fræðsluerindi og samfélagsviðburði. Fæstir sögðust hafa nýtt sér þjónustu setranna er varðar námsráðgjöf, ráðgjöf til frumkvöðla og rannsóknaraðstöðu. Þeir þátttakendur sem merktu við *Annað* nefndu m.a. að þeir hefðu notað lesstofu, farið á leiksýningar, haldið fyrirlestra og leiðbeint á símenntunarnámskeiðum.




Mynd 5. Ef já við spurningunni hér að framan, hvaða þjónustu?

Þegar þátttakendur voru spurðir hversu vel þeir þekktu til starfsemi þekkingarsetranna svöruðu 48% þeirra að þeir þekktu starfsemina mjög vel eða vel (sp. 6). Um 38% svarenda töldu sig hins vegar þekkja starfsemi sæmilega og 14% merktu við valmöguleikana illa eða ekkert (Mynd 6).



Mynd 6. Hversu vel þekkirðu til starfsemi þekkingarsetranna?

Þá voru þátttakendur beðnir um að svara spurningu um hvað í starfsemi þekkingarsetranna þeir teldu að íbúar í þeirra samfélagi þekktu best (sp. 7). Gefnir voru upp valmöguleikar auk þess sem boðið var upp á valmöguleikann *Annað* og voru þátttakendur beðnir um að setja fram hvað það væri. Á mynd 7 sést að þátttakendur telja að aðrir íbúar þekki best til þjónustu við háskólanema og símenntunarnámskeiða auk fræðsluerinda og samfélagsviðburða. Það sem þátttakendur telja að íbúar viti minnst um er námsráðgjöf, en vitneskja um rannsóknir, menningarverkefni, ráðgjöf til frumkvöðla og ráðstefnuhald telja þátttakendur að íbúar viti ekki mikið um (Mynd 7). Þeir sem merktu við valmöguleikann *Annað* töldu að bæta mætti við þáttum eins og ráðgjöf vegna styrkumsókna og bókasafn samfélagsins sem þeir töldu íbúa þekkja best til.



Mynd 7. Sú starfsemi sem ég tel að íbúar þekki best.

4.2.1. Rýnihópaviðtöl

Í rýnihópunum kom fram að hóparnir 20 ára og yngri, 65 ára og eldri og erlendir íbúar nýttu sér þjónustuna í litlu mæli. Yngsti hópurinn vissi af möguleikanum til próftöku og höfðu sumir nýtt sér það, 65 ára og eldri nýttu sér helst fræðsluerindi og erlendir íbúar sóttu námskeið í íslensku fyrir útlendinga. Aðrir þátttakendur höfðu nýtt sér eða vissu um aðila sem hefðu nýtt þá þjónustu sem snéri að aðstöðu fyrir fjarnema og próftöku í heimabyggð.

Það kom öllum rýnihópunum á óvart að þjónusta setranna varðandi námsráðgjöf, ráðgjöf til frumkvöðla og rannsóknaraðstöðu væru þeir þættir sem verst væru nýttir. Yngsti og elsti hópurinn auk fulltrúa erlendra íbúa höfðu ekki hugmynd um að hægt væri að fá þessa þjónustu í setrunum, en aðrir höfðu haft einhverja hugmynd um það. Miklar umræður spunnust um stöðu nýsköpunar og frumkvöðlastarfs en fram kom að þátttakendur upplifðu að dregið hefði úr þessum þætti eftir að útibúum Nýsköpunarmiðstöðvar á landsbyggðinni var fækkað. Hóparnir voru sammála um að þennan þátt þyrftu setrin að kynna betur fyrir íbúum og sérstaklega beina sjónum sínum að kynningu fyrir erlenda íbúa en þar væru mögulega einhverjir með hugmyndir sem þeir þyrftu ráðgjöf við að koma í framkvæmd.

Sú umræða sem fram fór í hópunum um hvaða starfsemi íbúar þekktu best var á þá leið að það kom hópunum ekki á óvart að einhver hluti íbúa þekkti starfsemi setranna lítið sem ekkert. Skýringuna töldu hóparnir liggja bæði hjá íbúunum sjálfum, þ.e. þeir leggja sig ekki eftir því að kynna sér starfsemina og hjá setrunum sem mættu senda út kynningarbækling um starfsemina, fara í framhaldsskólana með kynningar fyrir 20 ára og yngri og í félagsaðstöðu eldri borgara og tengjast erlendum íbúum í gegnum þá sem vinna að málefnum erlendra íbúa. Hópunum var


tíðrætt um rannsóknarþáttinn og taldi yngsti hópurinn að skipuleggja mætti þátttöku þeirra í rannsóknum og jafnvel að starfsmenn rannsóknastofnana byðu upp á kennslu í vísindalegum vinnubrögðum í samstarfi við kennara í bæði grunn- og framhaldsskólum.

4.2.2. Einstaklingsviðtöl

Niðurstöður einstaklingsviðtalanna voru í nokkrum takti við bæði rýnihópaviðtölin og könnunina er varðar vitneskju almennings um þá þjónustu sem er í boði, s.s. námsráðgjöf, frumkvöðlaraðgjöf, aðstöðu fyrir fjarnema og aðstöðu til próftöku. Viðmælendur voru vissir um að almenningur þekkti til menntahlutans í starfsemi þekkingarsetranna en ekki það sem í boði væri varðandi rannsóknir og nýsköpun, þ.m.t. að hægt væri að fá ráðgjöf vegna frumkvöðlaverkefna. Þeir töldu, líkt og kom fram í rýnihópaviðtölunum, að bæði væru setrin ekki að sinna kynningarstarfsemi nægjanlega vel, íbúar væru ekki að bera sig eftir upplýsingum um starfsemina og fyrir vikið væru íbúar ekki meðvitaðir um hvað setrin stæðu fyrir eða hvaða starfsemi þar færi fram.


4.3. Staða, hlutverk og mikilvægi

Í könnuninni var fyrsta spurningin í þessum hluta (sp. 8) að fá fram álit íbúa á því hvert væri hlutverk þekkingarsetranna í samfélögunum. Hér máttu þátttakendur merkja við eins marga valmöguleika og þeim sýndist. Boðið var upp á valmöguleikann *Annað* en enginn þátttakandi nýtti sér það. Niðurstöðurnar sýna að það sem íbúar telja að sé hlutverk þekkingarsetranna eru þættir sem lúta að búsetugæðum og líf skjörum íbúa, þ.m.t. að efla fjölbreytileika samfélaganna og styðja við innflytjendur, almenn þjónusta við þá sem stunda nám, vera miðstöð þekkingar, sköpunar, rannsókna og frumkvöðlastarfsemi, tengjast atvinnulífinu og skapa störf fyrir háskólamenntað fólk (Mynd 8).




Mynd 8. Hlutverk þekkingarsetranna í samfélaginu.

Í framhaldi af spurningu 8 um hlutverk setranna, var spurt um það hvað þátttakendur teldu að setrin væru í raun að vinna við (sp. 9). Hér var boðið upp á valmöguleikann *Annað* og þar kom m.a. fram að þeir sem þar ynnu væru mikið í kaffi og spjalli. Þá var valmöguleikinn *Ekkert af ofangreindu* í boði og merktu um 1% svarenda við þann möguleika. Niðurstöður sýna að íbúar telja að setrin séu að vinna í ýmsum þjónustupáttum, s.s. stuðningi við nemendur í háskólanámi bæði með aðstöðu og ráðgjöf, með framboði símenntunarnámskeiða og fræðsluerinda. Með starfsemi sinni væru setrin að auka búsetugæði, bæta lífskjör íbúa og efla fjölbreytileikann í samfélaginu. Yfir 50% þátttakenda merktu við þessa þætti. Þeir þættir þar sem undir 50% þátttakenda merktu við falla undir flokk rannsókna, frumkvöðla- og nýsköpunarstarfsemi og svo þjónustu við innflytjendur (Mynd 9).




Mynd 9. Það sem setrin eru að vinna að.

Í spurningu 10 voru þátttakendur beðnir um að merkja við hversu sammála eða ósammála þeir væru fullyrðingunni: „Starfsemi setranna er mikilvæg fyrir byggðapróun“. Mikill meirihluti eða 95% þátttakenda voru mjög eða frekar sammála þeirri fullyrðingu (Mynd 10).



Mynd 10. Starfsemi setranna er mikilvæg í byggðapróun.

Í síðustu spurningu þessa hluta (sp. 11) voru þátttakendur beðnir um að merkja við hvort þeir væru sammála eða ósammála fullyrðingunni: „Umræðan um þekkingarsetrin er jákvæð í samfélaginu“. Mikill meirihluti, 89% þátttakenda er mjög eða frekar sammála fullyrðingunni, 11% eru frekar eða mjög ósammála henni (Mynd 11).



Mynd 11. Umræðan um þekkingarsetrin er jákvæð.

4.3.1. Rýnihópaviðtöl

Hóparnir voru almennt sammála niðurstöðum könnunarinnar um hvert hlutverk þekkingarsetranna væri og ætti að vera. Fyrst og fremst væru setrin að veita þjónustu til fjarnema og próftöku í heimabyggð sem væri sýnileg en önnur hlutverk setranna, námsráðgjöf, ráðgjöf til frumkvöðla og rannsóknarstarf væru minna þekkt og að bæta þyrfti úr því. Þá kom fram að skipulag setranna, þ.e. að margar stofnanir starfa undir sama þaki gerði það að verkum að íbúar ættu erfitt með að átta sig á hjá hvaða stofnunum/fyrirtækjum einstaklingarnir væru að vinna. Þá töldu þátttakendur að íbúar áttuðu sig heldur ekki á því að ýmsar rannsóknastofnanir sem væru staðsettar annars staðar á svæðunum en í höfuðstöðvunum tilheyrðu setrunum og mynduðu þekkingarsamfélag á sínu svæði. Fulltrúar erlendra íbúa tóku sérstaklega fram að erlendir íbúar hefðu ekki hugmynd um þá starfsemi sem þarna færi fram og þekktu einungis íslenskukennsluna.

Hóparnir voru sammála um að setrin væru mikilvæg í samfélagsþróuninni og allir voru á því að eftirsjá yrði ef setrin hyrfu úr samfélögunum. Þá voru hóparnir sammála því að orðræðan um setrin væri yfirleitt jákvæð. Yngsti hópurinn taldi þó að mikilvægt væri að kynna starfsemina svo íbúar sæju mikilvægi setranna. Fulltrúar eldri íbúa telja sig heyra neikvæða orðræðu um setrin, þ.e. hvað þetta fólk væri eiginlega að gera þarna í setrunum og að samfélagið hefði bara komist vel af áður en þessi starfsemi kom. Hins vegar næði hún aldrei neinu flugi því mikill meirihluti íbúa

væri ánægður með starfsemina, þó svo að þeir vissu ekki alltaf hvað færi fram þar innandyrá. Einnig ræddu hóparnir stöðu þeirra samfélaga sem fjærst væru höfuðstöðvunum og veltu fyrir sér hvort, vegna fjarlægðar frá kjarnastarfseminni, að orðræðan um setrin væri neikvæðari þar. Því væri mikilvægt fyrir setrin að kynna starfsemina og vera sýnilegri á þessum stöðum og taka þátt í verkefnum þar. Oft væru þetta samfélög sem ættu undir högg að sækja; hefðu jafnvel, á einhverjum tímapunkti, tekið þátt í verkefninu brothættar byggðir.

4.3.2. Einstaklingsviðtöl

Viðmælendur í einstaklingsviðtölunum höfðu aðra og breiðari sýn á hvert hlutverk þekkingarsetranna væri en þeir töldu að hlutverkið væri að auka búsetugæði og lífsgæði íbúa, að þjónusta nemendur og sinna öflugum rannsóknarstarfi og mynda tengsl við atvinnulíf og samfélag.


Niðurstöður úr rýnihópaviðtölum og spurningakönnun sýna að almenningur telur að hlutverk setranna felist í að þjónusta nemendur. Þessi mismunandi sýn á milli íbúa og þeirra sem starfa í eða tengjast setrunum á einhvern hátt skýrist að miklu leyti á lítilli þekkingu almennings á því hvaða starfsemi fer fram í setrunum fyrir utan þjónustu við nemendur. Viðmælendur voru sammála niðurstöðum úr rýnihópaviðtölum og könnuninni um að tengsl setranna við atvinnulíf og samfélag mætti vera meira og sýnilegra. Einnig kom fram hjá viðmælendum að tengsl rannsóknastofnana innan setranna og á milli þeirra mættu vera meiri og að leggja skuli áherslu á þverfaglegar rannsóknir.

Hvað varðar orðræðuna um setrin voru viðmælendur sammála niðurstöðum rýnihópaviðtala og könnunarinnar um orðræðuna um þekkingarsetrin; þ.e. að þeir sem ekki þekktu til starfseminnar væru neikvæðari í garð þeirra og að í samfélögum sem væru fjær höfuðstöðvunum væri orðræðan neikvæð. Því væri orðræðan um þá þætti starfseminnar sem íbúar þekktu vel; þ.e. þjónusta við nemendur og símenntun jákvæðari en neikvæðari gagnvart þáttum sem íbúar höfðu minni þekkingu á; þ.e. rannsóknum og nýsköpun.

4.4. Háskólanám og símenntun

Í þessum hluta könnunarinnar voru fjórar spurningar sem fjölluðu um viðhorf þátttakenda til framboðs háskólanáms í fjarnámi og framboð símenntunarnámskeiða í samfélögunum.


Í fyrstu spurningunni (sp. 12) voru þátttakendur beðnir um að merkja við hvort þeir væru sammála eða ósammála fullyrðingunni: „Það er fjölbreytni í námsframboði í fjarnámi á háskólastigi“. Um 78% þátttakenda var mjög eða frekar sammála fullyrðingunni en 22% voru henni frekar eða mjög ósammála (Mynd 12).



Mynd 12. Það er fjölbreytni í framboði á háskólanámi í fjarnámi.

Í framhaldi af spurningu 12 voru þeir þátttakendur sem sögðust vera frekar eða mjög ósammála fullyrðingunni um að það væri fjölbreytni í framboði á háskólanámi í fjarnámi, beðnir um, í spurningu 13, að tilgreina hvaða nám þeir vildu að yrði boðið upp á. Í stuttu máli má segja að þátttakendur töldu að allt háskólanám og endurmenntun á vegum háskólanna ætti að vera í boði í fjarnámi og fannst þátttakendum háskólar landsins og þá sérstaklega Háskóli Íslands ekki vera að standa sig í þeim efnum. Námsleiðir eins og landfræði, félagsfræði, félagsráðgjöf, líffræði, nám í umhverfis- og náttúruvísindum og heilbrigðisvísindum voru sérstaklega nefndar sem námsleiðir sem hægt væri að bjóða upp á í fjarnámi.

Í spurningu 14 voru þátttakendur beðnir um að taka afstöðu til þess hvort þeir væru sammála eða ósammála fullyrðingunni: „Það er fjölbreytni í framboði á endur- og símenntunarnámskeiðum“. Mikill meirihluti þátttakenda, eða 84%, var annað hvort mjög eða frekar sammála fullyrðingunni en 16% voru frekar eða mjög ósammála henni (Mynd 13).



Mynd 13. Það er fjölbreytni í framboði á endur- og símenntunarnámskeiðum.

Þeir sem merktu við valmöguleikana frekar eða mjög ósammála voru beðnir um í spurningu 15 að tilgreina hvaða námskeið þeir vildu sjá að væru í boði. Fram kom að þátttakendur vildu að boðið væri upp á tómstundanámskeið, námskeið sem væri sérstaklega beint að nýbúum til að virkja þá betur í samfélaginu, heildstætt nám tengt ævimenntun, alls konar námskeið tengd daglegu lífi og námskeið sem væru fyrir iðnmenntað fólk. Aðilar af erlendum uppruna töldu að það vantaði fjölbreytileika í námskeiðsframboð og að boðið yrði upp á íslenskukennslu fyrir erlenda íbúa með örari hætti en gert væri nú.

4.4.1. Rýnihópar

Hóparnir voru sammála þeirri gagnrýni að Háskóli Íslands væri ekki að standa sig þegar kæmi að framboði námsleiða í fjarnámi en töldu að skipulag fjarnáms almennt frá háskólum landsins væri gott. Yngsti hópurinn taldi að fjarnámið höfðaði frekar til eldra fólks sem hefði ekki tök á að flytja og að þeir sem hygðu á háskólanám í yngsta aldurshópnum stefndu á að flytjast þangað sem háskóli væri staðsettur. Allir þátttakendurnir vildu að fleiri námsleiðir væru í boði og veltu fyrir sér hvort að setrin gætu eða ættu að beita sér í þeim efnum. Umræða spannst um mikilvægi þess að geta haft möguleika á að sækja tíma í háskólanum og hvort að áhersla ætti að vera á blandað nám; þ.e. stað- og fjarnám og að hver nemandi gæti hagað sínu námi á þann hátt sem hentaði honum. Fulltrúar erlendra íbúa upplýstu að vegna kunnáttuleysis í íslensku stunduðu margir erlendir íbúar háskólanám í fjarnámi í sínu heimalandi. Það væri auðveldara heldur en að læra íslensku.

Í umræðum um framboð símenntunarnámskeiða kom fram hjá hópunum að aðaláherslan í framboði námskeiða væri í einhverjum námsleiðum og þá á kostnað tómstundanámskeiðanna

sem margir söknuðu. Fulltrúar 20 ára og yngri töldu að fleira þyrfti að vera í boði en tölvunámskeið og forritun og fulltrúar 65 ára og eldri töldu að tungumálanámskeið myndu henta þeim hópi, t.d. að bjóða upp á ensku fyrir eldri borgara sem ferðuðust oft mikið en hefðu litla enskukunnáttu. Fulltrúar erlendra íbúa töldu að tímasetningar íslenskunámskeiða, oft eftir vinnu, væru óheppilegar, frekar væri að bjóða upp á slíkt á vinnutíma.

4.4.2. Einstaklingsviðtöl


Fram kom hjá viðmælendum gagnrýni á það hversu illa háskólar landins og þá sérstaklega Háskóli Íslands stendur sig í að bjóða upp á fjölbreyttar námsleiðir í fjarnámi. Meiri jákvæðni var að finna gagnvart hinum háskólunum en þar sem Háskóli Íslands er með mesta námsframboðið, þá töldu viðmælendur brýnt að nemendum verði gert kleift að stunda nám í fleiri greinum e nú er í boði. Viðmælendur töldu einnig að samfélagið og atvinnulífið væru ánægð með fyrirkomulag símenntunar en rýnihópaviðtölin sýna að svo er ekki og kom m.a. fram sú gagnrýni að tímasetningar íslenskunámskeiða fyrir erlenda íbúa væru óheppilegar og að auka þyrfti fjölbreytni í tómstundanámskeiðum.

Þá töldu viðmælendur að skilningur á eðli rannsókna í samfélaginu væri takmarkaður og íbúar ættu erfitt með að samsama sig þessum þætti. Meirihluti rannsóknastofnana starfar á sviðum náttúru, menningar og sögu og eru rannsóknir á þessum sviðum áberandi í rannsóknaráherslum stofnananna. Fram kom að á uppbyggingarárum setranna hefði Nýsköpunarmiðstöð verið með öfluga starfsemi í frumkvöðla- og nýsköpunarstarfi en á síðustu árum hefði miðstöðin dregið úr starfsemi sinni á landsbyggðinni og við það voru viðmælendur ósáttir. Einnig höfðu orðið skipulagsbreytingar í Atvinnuþróunarfélögum á starfssvæðunum.

4.5. Samfélagið

Í þessum síðasta hluta könnunarinnar var einungis ein spurning, spurning 16, en hér voru þátttakendur beðnir um að merkja við þá valkosti sem í boði voru sem þeir töldu vera einkennandi fyrir sitt samfélag og mátti merkja við eins marga og þátttakendur töldu nauðsynlegt. Að auki var í boði valkosturinn *Annað*, þannig að þátttakendur gátu bætt við því sem þeir töldu að vantaði. Þau atriði sem yfir 50% þátttakenda töldu vera einkennandi fyrir samfélag sitt voru að það væri fjölskylduvænt, fjölmenningslegt og að allir þekktu alla. Um 35-45% þátttakenda töldu að í samfélaginu væri jákvæðni, samheldni, samkennd og að jákvæð samskipti væru ríkjandi. Um og yfir 20% þátttakenda töldu að í samfélaginu væri kynskiptur vinnumarkaður, karllægt gildismat væri ríkjandi, finna mætti fyrir fordómum en að umburðarlyndi væri til staðar. Fæstum fannst samfélagið einkennast af kvenlægu gildismati. Þeir sem merktu við valkostinn *Annað* töldu að

slúður og fordómar um náungann og ættarveldi einkenndu samfélagið. Aðilar af erlendum uppruna töldu að samfélagið sem þeir byggju í væri mjög lokað og að erfitt væri að verða hluti af því og að samheldni og samkennd í samfélaginu hefði minnkað á síðustu 10 árum (Mynd 14).



Mynd 14. Það sem einkennir samfélagið sem ég bý í.

4.5.1. Rýnihópar

Hóparnir voru sammála niðurstöðum könnunarinnar um það sem einkennir samfélögin. Hins vegar kom það þátttakendum á óvart að á sama tíma og samheldni og samkennd væru einkennandi þá væri umburðarlyndi það ekki og að fólk fyndi fyrir fordómum. Skýringuna væri að leita í illu umtali og slúðri en hóparnir töldu að slíkt viðgengist í samfélögunum og væri það miður. Í þessu sambandi ræddu hóparnir um mátt samfélagsmiðla. Þá spannst mikil umræða um karllæg og kvenlæg gildi og töldu hóparnir það tengjast frekar þeim viðhorfum sem væru til kynjanna um hvað væri viðeigandi og hvað ekki, frekar en að konur væru ekki í áhrifastöðum í samfélögunum. Fulltrúar eldri en 65 ára töldu að þetta væri að breytast með unga fólkinu sem væri opnara og víðsýnna og breyting á gildismati tæki langan tíma, jafnvel eina kynslóð.

Umræða um hvort að allir þekktu alla var fjórleg og töldu hóparnir að það hefði breyst með fjölmennningarlegri samfélögun; menn þættust góðir ef þeir þekktu alla í götunni sinni. Fulltrúar erlendra íbúa tóku undir það og sögðu að erlendir íbúar þekktu oft einungis þá sem væru í þeim hópi sem þeir tilheyrðu.

Að lokum kom fram hjá hópunum mikilvægi þess að tengja betur saman íbúa og þekkingarsetrin og að það þyrfti að huga að líðan íbúanna og vera vakandi fyrir því hvernig öllum íbúum líður í því samfélagi sem þeir búa í.

4.5.2. Einstaklingsviðtöl

Eins og kom fram í upphafi kaflans var könnunin byggð á niðurstöðum einstaklingsviðtalanna og því voru þær breytur sem valdar voru í spurningunni um samfélagið byggðar á því sem fram kom í viðtölum við einstaklinga. Allt voru þetta gildi sem viðmælendur töldu einkenna samfélag sitt og eru niðurstöðurnar úr þessari spurningu úr rýnihópaviðtölunum og könnuninni í nokkuð góðu samræmi við það sem viðmælendur nefndu í einstaklingsviðtölunum.

Þegar það er dregið saman þá var upplifun viðmælenda á því samfélagi sem þeir búa í svipuð, hvort sem þeir búa á Norður- eða Suðurlandi. Um væri að ræða sjávarútvegs-, iðnaðar- og landbúnaðarsamfélög þar sem ferðaþjónustan hefði vaxið mikið auk stóriðju og eru þær atvinnugreinar orðnar máttastólpar í atvinnulífinu á sumum stöðum. Í þessum atvinnugreinum virðist sem að þeir sem þar starfa séu í meirihluta erlent starfsfólk sem í sumum tilvikum kemur til að vinna tímabundið en er svo farið aftur. Þar sem uppbygging hefur verið í bygginariðnaði, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, stóriðju og í einhverjum þáttum ferðaþjónustunnar á landsbyggðinni hafa orðið til störf sem virðast henta körlum betur en konum og atvinnusköpun virðist einkum beinast að því að skapa störf fyrir karla.

Viðmælendur töldu að í samfélögum á starfssvæði setranna væru karllæg gildi ríkjandi, þrátt fyrir að samfélögin væru orðin fjölmenningarlegri. Þeir nefndu ýmsar ástæður fyrir mati sínu á ríkjandi gildum en eitt af því væri kynskiptur vinnumarkaður þar sem karlastörf væru hærra metin í launum en kvennastörf.

Innihald kafla 5 samanstendur af samantekt niðurstaðna og umræður þar sem niðurstöður er reifaðar og settar í samhengi við tilgang og markmið rannsóknarinnar og þá fræðilegu umfjöllun og stöðu þekkingar sem rannsóknin byggir á.

5. Samantekt niðurstaðna og umræður

Umfjöllunarefni kaflans er að fyrst verður tilgangur og markmið rannsóknarinnar kynnt og sú meginniðurstaða sem lesa má út úr einstaklings- og rýnihópaviðtölunum og könnuninni. Þá verður fjallað um niðurstöður er varða einstaka þætti í rannsókninni en kaflaskiptingin byggir á framsetningu könnunarinnar, þ.e. þátttaka, kyn og aldur, starfsemi og þjónusta, staða, hlutverk og mikilvægi, háskólanám og símenntun og að lokum samfélagið.

5.2. Tilgangur, markmið og meginniðurstaða

Tilgangur verkefnisins í heild var að rannsaka stöðu, hlutverk, árangur og áhrif þekkingarsetra á nærsamfélagið. Meginmarkmiðin eru eins og kom fram hér að framan:

- (a) að kortleggja núverandi stöðu og hlutverkaskiptingu þekkingarsetra í þremur ólíkum samfélögum: Hornafirði, Húsavík og Selfossi.
- (b) að rannsaka hver áhrif þessara þriggja þekkingarsetra á nærsamfélagið eru.
- (c) að afla upplýsinga um viðhorf almennings í þessum samfélögum til þekkingarsetra sem starfa þar.
- (d) að leita leiða til að efla starfsemi þekkingarsetra enn frekar og/eða berja í þá bresti sem rannsóknin kann að leiða í ljós.

Megin niðurstaðan er sú að þriggja þátta líkanið (Triple Helix model) er ríkjandi í starfsemi setranna enda ber þeim samkvæmt samningi við ríkisvaldið að efla tengsl við háskóla og rannsóknastofnanir og atvinnulíf. Þó má finna rek (drift) í átt að samfélagslegum áherslum sem bera keim af sérstöðu samfélaganna, sérstaklega er varðar rannsóknapáttinn sem er skilgreindur sem náttúra, menning og saga. Enda er það svo að þær rannsóknastofnanir sem starfa á svæðunum einbeita sér að rannsóknarverkefnum á þessum sviðum en slíkar rannsóknir eru oft gerðar með þarfir atvinnulífsins í huga, sérstaklega í ferðaþjónustunni, frekar en að sjónarhornið sé samfélagið sjálft og þeir sem þar búa.

5.3. Þátttaka, kyn og aldur

Eins og fram kom hér að framan þá var aldursbil þátttakenda í einstaklingsviðtölunum 35 – 65 ára og rætt var bæði við íslenska karla og konur. Þetta var einnig sá aldurshópur sem var í meirihluta svarenda í könnuninni auk þess sem konur voru þar í meirihluta. Í rýnihópaviðtölunum var leitast eftir því að fá fram skoðanir annarra aldurshópa auk þeirra sem ekki voru af íslensku bergi brotnir. Þeir sem tóku þátt í allri rannsókninni voru á bilinu 20 – 70 ára, karlar og konur og bæði íslenskir og erlendir íbúar samfélaganna. Þetta þýðir að niðurstöðurnar endurspeгла betur skoðanir og álit breiðs hóps íbúa á starfssvæðum setranna og niðurstöðurnar verða fyrir vikið marktækari.

5.4. Starfsemi og þjónusta

Viðmælendur í einstaklingsviðtölunum höfðu það á tilfinningunni að íbúar á starfssvæðum setranna þekktu ekki til þeirrar starfsemi sem þar færi fram og voru þeir þar að auki ekki vissir um að íbúar almennt fylgdust með á heimasíðum og/eða Facebook síðum þeirra. Það væri helst sá þáttur starfseminnar sem snéri að þjónustu við nemendur í fjarnámi sem væri vel kynntur meðal

íbúa en rannsókn- og nýsköpunarþátturinn síður. Þá töldu viðmælendur að erlendir íbúar þekktu lítið til starfseminnar og veltu því fyrir sér hvernig best væri að nálgast þá hópa.

Fram kom í rýnihópaviðtölunum að yngsti og elsti hópurinn fer ekki inn á heimasíður stofnana/fyrirtækja og notar Facebook ekki mikið og erlendir íbúar telja að sú starfsemi sem fram fer í setrunum sé ekki fyrir þá, nema helst kennsla í íslensku fyrir útlendinga. Að framansögðu er ljóst að setrin þurfa að skoða hvernig þau uppfylla skyldur sínar gagnvart nærsamfélaginu. Fram kom hjá hópunum að setrin þyrftu að vinna með fulltrúum þessara hópa og teygja sig í áttina til þeirra í gegnum tengslanet þeirra með persónulegri nálgun, t.d. með því að setja upp reglulega viðburði í samvinnu við hópana og kynntu starfsemina í leiðinni. Hóparnir lögðu einnig áherslu á að starfsmenn setranna færu á þá staði þar sem auðvelt væri að nálgast þessa hópa, t.d. í framhaldsskólana og í félagsaðstöðu eldri borgara, gæfu út bækling með upplýsingum og notuðu héraðsfréttablöðin í meira mæli. Hvað varðar erlenda íbúa þá væri leiðin sú að tengjast þeim aðilum sem sjá um málefni erlendra íbúa og/eða vinna með stéttarfélagunum.

Yngsti og elsti aldurshópurinn og erlendir íbúar virtust þekkja minnst til starfsemi setranna og nýta ekki þjónustuna. Hins vegar virtust flestir vera meðvitaðir um aðstöðu til að stunda nám og próftöku í heimabyggð. Sterk áhersla kom fram að efla þurfi nýsköpunarhlutverk setranna og kynna fyrir íbúum möguleikann á að fá ráðgjöf til frumkvöðla og annarra sem væru með hugmyndir og beina kynningunni sérstaklega að erlendum íbúum. Setrin starfa á sviði menntunar, rannsókna, nýsköpunar og menningar og það virðist sem að menntunarþátturinn sé best kynntur meðal íbúa, sennilega vegna þess að það er sá þáttur sem þeir virðast nýta sér. Það virðist því vera ljóst að setrin þurfi að leggja meiri áherslu á að vinna með aðra þætti, kynna og upplýsa íbúana um þá starfsemi sem þeim tilheyrir.

Eins og fram kom hér að framan hefur Nýsköpunarmiðstöð dregið úr starfsemi sinni og nú um áramót verður hún lögð niður og sú starfsemi sem þar fer fram færð á annað form. Í því sambandi ættu setrin að taka af skarið og hefja viðræður við þá aðila sem starfa í nýsköpunargeiranum með það að markmiði að efla starfsemina á landsbyggðinni. Þar geta Fab lab smiðjur sem starfandi eru á starfssvæðunum gegnt lykilhlutverki og þurfa setrin að tengjast þessum smiðjum og tengja starfsemi þeirra við samfélögin. Á Selfossi og Húsavík eru smiðjurnar staðsettar inni í framhaldsskólunum og þá er hætta á að þær lokist þar inni og verði einungis nýttar af nemendum viðkomandi skóla. Á Höfn er Fab lab smiðjan í sérhúsnæði. Það hefur gert það að verkum að íbúar, fyrirtæki og stofnanir hafa greiðan aðgang að henni auk nemenda grunn- og framhaldsskólans. Einnig þarf að tengja betur saman rannsóknastofnanir og nýsköpunarstarf þar sem unnið er með staðbundna þekkingu en jafnframt þurfa rannsóknastofnanir að kynna íbúum

fræðileg gögn og niðurstöður rannsókna sinna til að ná til samfélagsins. Hægt er að nýta til þess staðarnálgun sem leggur áherslu á staðarvitund og skilning, byggir í senn á vísindalegri þekkingu og staðarþekkingu, skapar rými fyrir ígrundun og mat, og býr þannig til tækifæri fyrir íbúa til að vera virkir þátttakendur í mótun eigin samfélags (Anna Guðrún Edvardsdóttir, 2016). Rannsóknir hafa sýnt að slíkt er mikilvægt fyrir vellíðan íbúa en fram kom hjá íbúum áhersla á þann þátt (Hogan og fl., 2014).

5.5. Staða, hlutverk og mikilvægi

Þegar borin eru saman svör viðmælenda úr einstaklingsviðtölunum um hvert sé meginhlutverk setranna og það sem ríkisvaldið setur fram er ekki alger samhljómur þar á milli. Hafa verður í huga að ríkisvaldið leggur setrunum til fjármagn til rekstrar og gerir um það samning við setrin sem þau verða að uppfylla. Á meðan þátttakendur í rannsókninni lögðu áherslu á samfélagslegt hlutverk setranna með eflingu samfélaga og auknum lífsgæðum íbúa hvert á sínu starfssvæði, liggja áherslur ríkisvaldsins í eflingu þekkingarstarfsemi og rannsókna sem byggja á sérstöðu samfélaga og að tengja setrin við háskóla, rannsóknastofnanir og staðbundið atvinnulíf. Að auki er ekki samhljómur á milli þess sem íbúar telja að sé hlutverk setranna og þeirra sem starfa í eða tengjast setrunum á einhvern hátt, því þjónusta við fjarnema og aðstaða til próftöku er það sem íbúar telja að sé hlutverk þekkingarsetranna. Þessa afstöðu íbúa má skýra með því að þetta eru þeir þættir í starfseminni sem þeir þekkja best.

Þegar svör úr einstaklingsviðtölunum um stöðu setranna eru skoðuð er ljóst að upplifun þeirra er að setrunum hafi ekki fyllilega tekist að ná út í samfélagið eða hafi tekist að efla tengsl við atvinnulífið. Það er helst við ferðaþjónustuna sem tengsl hafa myndast. Íbúar væru ekki alltaf meðvitaðir um hvers konar starfsemi færi fram í setrunum, helst væri það símenntunarpátturinn sem íbúar þekktu. Þá var einnig staðan sú að samvinna innan stofnana setranna væri mismikil. Niðurstöður úr könnuninni og rýnihópaviðtölunum styðja þessa upplifun. Íbúar þekkja þá þætti starfseminnar sem þeir hafa nýtt sér eða hafa heyrt um í gegnum þá sem þeir þekkja og fram kom að erlendir íbúar þekkja einungis til íslenskukennslunnar, því það er sá þáttur starfseminnar sem þeir þekkja til og hafa nýtt sér. Allir sem tóku þátt í rannsókninni töldu að starfsemi setranna væri mikilvæg í samfélögunum og ef þau hyrfu yrði eftirsjá að þeim. Þessi niðurstaða endurspeglar skoðanir og vilja íbúanna og ætti að vera setrunum styrkur þegar farið verður að vinna eftir þeim tillögum sem settar verða fram í lokin um áframhaldandi þróun á starfsemi setranna.

Í ljósi þess sem fram hefur komið vinna setrin eftir þriggja þátta líkaninu (Triple Helix model) en í því líkani endurspeglast kröfur ríkisvaldsins. Þau vantar hins vegar að finna út hvernig þau geti eflt tengslin við íbúa samfélaganna. Með því að draga fjögurra og fimm þátta líkanið, þ.e.

samfélag og umhverfi með meðvituðum hætti inn í starfsemi sína koma þau til móts við kröfur samfélagsins. Því ef nota á þekkingarsetrin sem byggðapróunartæki til að skapa sjálfbær samfélög sem sýna seiglu verða setrin að vera leiðandi í að dýpka tengslin við umhverfislega, félagslega og menningarlega þætti. Það gæti breytt orðræðunni um setrin í samflélögunum.

Svör úr einstaklings- og rýnihópaviðtölum og könnuninni um ríkjandi orðræðu um þekkingarsetrin eru mjög svipuð á svæðunum en í stuttu máli má segja að þeir þættir þar sem orðræðan er jákvæð tengist það þjónustu við háskólanema í fjarnámi auk símenntunar. Það er sá þáttur sem er vel kynntur og flestir íbúar þekkja, þar sem margir, á einhverjum tímapunkti, hafa notið hennar. Orðræðan er neikvæð gagnvart rannsóknarþættinum því oft á tíðum eiga íbúar erfitt með að skilja eðli rannsóknarstarfs, þar sem þeir þekkja ekki til starfseminnar og rannsóknastofnanir ekki verið nægilega vakandi fyrir því að kynna starfsemi sína. Þá er orðræðan neikvæðari í samfélögum sem eru fjær höfðustöðvunum og finnst þeim samfélögum þau vera út úr. Oft eru þetta brothætt samfélög sem hafa átt undir högg að sækja og/eða hafa tekið þátt í verkefninu Brothættar byggðir.

Segja má að neikvæð orðræða um rannsóknarþáttinn endurspegli hin ríkjandi karllægu gildi með áherslu á áþreifanlega afurð og atvinnusköpun. Innan margra rannsóknastofnana hafa starfsmennirnir hlutverki að gegna gagnvart þeim rannsókn- og háskólastofnunum sem þeir starfa í og það hlutverk fer ekki saman við áherslur sem samfélagið krefur þá um. Eins og fram kom hér að framan voru væntingar samfélaganna um háskólauppbyggingu á öðrum nótum en raun varð á. Í stað háskóla með fjölda nemenda og kennara voru stofnuð setur með fáum starfsmönnum sem íbúar virðast eiga í erfiðleikum með að skilja hvert starfssviðið sé.

Ljóst er að hér þurfa að fara fram samræður á milli setra og samfélags um starfsemina. Samfélögin sjálf þurfa að sýna setrunum skilning, styðja við starfsemi þeirra og taka þátt í að þróa þau þannig að þau séu sannarlega að vinna fyrir þau samfélög sem þau þjóna. Sérstaklega þurfa setrin að horfa til samfélaga sem eru fjær höfuðstöðvunum og finna út með íbúum þar hvernig þau þjóni samfélaginu á þessum stöðum sem best. Jafnframt þurfa háskólastofnanir að sýna því skilning að lítil starfseining á landsbyggðinni gegnir samfélagslegu hlutverki til jafns við fræðimennsku og greinaskrif.

5.6. Háskólanám og símenntun

Þegar skoðuð eru svör viðmælenda um námsframboð háskólanna þá er samhljómur á milli rannsóknarsvæða um að háskólarnir séu ekki standa undir væntingum hvað varðar fjölbreytni námsleiða sem í boði eru í fjarnámi. Sérstaklega eru viðmælendur ósáttir við Háskóla Íslands í þessu sambandi og telja hann engan veginn vera að standa sig sem háskóli allra landsmanna. Ljóst

er að umræður þurfa að fara fram á milli háskólanna, þekkingarsetranna og ríkisvaldsins um hvernig þessum málum verði fyrirkomið í framtíðinni. Þekkingarsetrin verða að leiða þessa umræðu því þau þekkja orðræðuna og þörfina hvert í sínu heimahéraði og að hafa það að leiðarljósi að nám eigi almennt að vera hægt að stunda í fjarnámi. Einungis þannig er hægt að tala um að það ríki jafnrétti til náms á öllu landinu. Rýnihóparnir voru almennt sáttir með skipulag fjarnáms frá háskólum landsins en óánægðir með hversu takmarkaðar námsleiðir væru í boði í fjarnámi frá Háskóla Íslands. Yngsti hópurinn taldi sig ekki myndi nýta sér fjarnám, það væri frekar fyrir eldra fólk sem hefði ekki tök á því að flytja og erlendir íbúar stunda frekar fjarnám við háskóla í heimalandi sínu og spilar íslenskukunnátta þar stórt hlutverk. Hóparnir ræddu um hvort að blandað nám, þ.e. bæði stað- og fjarnám myndi henta námsmönnum betur og geta þannig sniðið sitt nám eftir því sem hentaði hverju sinni. Setrin gætu komið þarna inn í og verið í forsvari fyrir því að vinna að því að fleiri námsleiðir verði í boði í fjarnámi, bæði á sviði háskólamenntunar sem og endur- og símenntunar og vera leiðandi í að tekinn verði upp sá möguleiki að hægt sé að stunda blandað nám.

Hinir fordæmalaus atburðir síðustu mánaða þar sem kórónuveirufaraldurinn snéri öllu á hvolf í heiminum og háskólar landsins þurftu að færa alla sína kennslu úr staðnámi og yfir í fjarnám hefur sýnt að vel er hægt að skipuleggja allt nám þannig að það sé hægt að kenna það í fjarnámi. Tækifærið til breytinga í þessum efnum er því núna og leggja ætti áherslu á blandað nám; þ.e. að nemandi geti bæði stundað stað- og fjarnám, allt eftir því hvað henti honum hverju sinni enda endurspeglar það vilja íbúa.

Viðmælendur einstaklingsviðtala töldu að framboð símenntunarnámskeiða væri í samræmi við óskir íbúa og atvinnulífs, en að íbúar væru ekki nógu duglegir við að sækja það sem væri í boði. Sérstaklega höfðu viðmælendur áhyggjur af stöðu erlendra íbúa hvað varðar íslenskukunnáttu. Það rímar ekki alveg við það sem fram kom í rýnihópaviðtölunum en hóparnir voru sammála um að tómstundanámskeiðin væru nánast horfin úr starfseminni og við hefðu tekið ýmsar námsleiðir og þótti mörgum það miður. Yngsti hópurinn taldi að það þyrfti að bjóða upp á eitthvað annað en tölvunámskeið og forritun og elsti hópurinn sýndi tungumálanámskeiðum sem væru sniðin fyrir eldri borgara áhuga. Tímasetningar á íslenskukennslu fyrir erlenda íbúa eru ekki hentugar og bjóða ætti upp á kennslu á vinnutíma. Auðvelt ætti að vera fyrir setrin að koma til móts við óskir íbúanna hvað varðar tómstunda- og tungumálanámskeið og leita leiða til að skipuleggja íslenskunámskeið með öðrum hætti. Samfélög breytast og setrin þurfa að vera á tánum, fylgjast með til að geta brugðist fljótt við þörfum og óskum íbúanna.

5.7. Samfélagið

Líkt og þátttakendurnir í könnuninni töldu þátttakendur einstaklingsviðtala og rýnihópanna sig búa í fjölskylduvænu og fjölmenningarlegu samfélagi, þar sem jákvæðni, jákvæð samskipti, samheldni og samkennd væri ríkjandi. Hins vegar kom það rýnihópunum á óvart að þrátt fyrir samheldni og samkennd væri umburðarlyndi lítið og fólk fann fyrir fordómum. Þátttakendurnir tengdu þetta við illt umtal og slúður sem því miður væri til staðar í samfélögunum. Það er ljóst að hluti íbúa upplifir ekki einungis jákvæð gildi heldur einnig ýmis gildi sem eru neikvæð. Í ljósi þessarar niðurstöðu verða setrin að velta fyrir sér hvort að þau geti með starfsemi sinni nálgast þessi neikvæðu gildi með það að markmiði að draga úr áhrifum þeirra á samfélagið.

Eins og fram kom hér að framan sýna rannsóknir að ungt fólk og konur eru líklegri til að flytja í stærri samfélög en karlar. Sýnt hefur verið fram á að ástæðurnar eru einkum fjölbreyttari atvinnutækifæri, tækifæri til áhrifa eru fleiri og félagslega virðist þeim líða betur í stærra samfélagi. Samt sem áður er enn verið að grípa til lausna, eins og stóriðjuuppbyggingar, sem virðast ekki henta konum og hafa ekki orðið til þess að íbúum viðkomandi svæða hafi fjölgað í einhverju mæli, t.d. er íbúafjöldi Austfjarða mjög svipaður nú og hann var fyrir álversframkvæmdir (Anna Guðrún Edvardsdóttir, 2016).

Sama orðræðan virðist hafa verið ríkjandi þegar uppbygging þekkingarsamfélaga víðs vegar um land var í algleymingi. Eins og fram kom hjá viðmælanda um tilurð þekkingaruppbyggingarinnar var mikil áhersla á að fá háskólastarfsemi á öll landssvæði og í raun var um stóriðjuorðræðu að ræða því krafan var um að stofnaðir yrðu háskólar með öllu tilheyrandi sem myndu skapa störf. Segja má að á meðan slík orðræða er ríkjandi mun rými fyrir aðrar lausnir sem hafa t.d. sjálfbærni og seiglu samfélaga að leiðarljósi ekki skapast.

Þekkingarsetrin skapa störf fyrir háskólamenntað fólk og eins og kom fram hjá viðmælendum gera þau ungu háskólamenntuðu fólki kleift að snúa „heim“ aftur. Eins og kom fram í töflum 6 og 7 eru konur í miklum meirihluta háskólanema bæði í stað- og fjarnámi. Hins vegar sýna rannsóknir að nám skilar konum ekki því að þær stækki athafnaráými sitt eða auknum áhrifum í samfélögunum. Þær styrkja sig faglega og fjárhagslega í kvennaráminu en einmitt þar eru launin ekki í samræmi við lengd námsins og ábyrgð þeirra starfa sem þær mennta sig til, s.s. kennsla og hjúkrunarstörf (Anna Guðrún Edvardsdóttir, 2016; Edvardsdóttir, 2013; Byrne, Duvvury, Macken-Walsh og Watson, 2013; Pini, Moletsane og Mills, 2014; Karlsdóttir og Ingólfssdóttir, 2011). Hins vegar er það áhugavert hversu margar konur veita stofnunum í Nýheimum forstöðu og getur það bent til þess að þar sé rými fyrir háskólamenntaðar konur að stækka athafnaráými sitt til staðar.

Þrátt fyrir það er ríkjandi karllægum gildum viðhaldið af þeirri orðræðu sem greina má í samfélögum, t.d. þegar talið barst að slúðri í rýnihópunum og með kynskiptum vinnumarkaði. Til þess að unnt sé að breyta orðræðunni þurfa íbúar að átta sig á hvernig orðræða þeirra um ýmis mál í samfélaginu er og hvernig hún er sett fram.

Í sjötta kafla eru niðurstöður rannsóknarinnar reifaðar og í sjöunda kafla verða settar fram tillögur til úrbóta en eitt af markmiðum rannsóknarinnar var að berja í þá bresti sem kunna að koma í ljós í rannsókninni.

6. Lokaorð

Þegar dregnar eru saman niðurstöður þessarar greiningarvinnu kemur m.a. í ljós að samfélögin á starfssvæðum þekkingarsetranna eru frekar lík og glíma við það sama; fólksfækkun og einhæfni í atvinnulífi í sumum samfélögum en uppbyggingu, fólksfjölgun og fjölbreytni í atvinnulífinu í öðrum. Nýja áskorunin er fjöldi þeirra erlendu starfsmanna sem annað hvort flytja á svæðin til frambúðar eða dvelja tímabundið við störf. Erfitt er að fá þessa aðila til að taka þátt í samfélaginu og það sem fulltrúar þeirra komu fram með í rýnihópunum styður við niðurstöður einstaklingsviðtalanna og könnunarinnar um að íbúar af erlendum uppruna þekkja lítið til ýmissar starfsemi í samfélögum. Hér gætu þekkingarsetrin verið leiðandi í rannsóknum á þessu sviði, leitað leiða til að efla samfélagsþátttöku íbúa af erlendum uppruna og þróað aðferðir til að taka á þessari áskorun. Þá draga niðurstöðurnar fram vilja og óskir íbúa frá 20 – 70 ára sem vilja tengjast setrunum á einhvern hátt og lagðar eru fram ýmsar leiðir til þess sem setrin ættu að taka til skoðunar.

Þau þrjú setur sem hér voru til rannsóknar starfa eftir hugmyndafræði þriggja þátta líkansins (Triple Helix model). Þau eru sjálf ekki ólík í uppbyggingu, þó breytileiki sé í viðfangsefnum enda byggja þau starfsemi sína á svipuðum samningum við ríkisvaldið. Mismunandi áherslur eru í skipulagi og starfsemi setranna en þau starfa öll á sama sviði; þ.e. menntun, menningu, rannsóknum og nýsköpun og innan þeirra starfa sömu rannsóknastofnanir sem stunda rannsóknir á sviði náttúru, menningar og sögu. Þá starfa setrin að menntauppbyggingu á sínu starfssvæði með áherslu á þjónustu við nemendur í fjarnámi og á sviði framhaldsfræðslu, en það er sá þáttur í starfseminni sem er best kynntur í samfélaginu. Þá er mikilvægt fyrir setrin að flétta inn í starfsemina samfélag og umhverfi (Quadruple og quintuple helix model) og ná þannig til íbúa. Þátttakendur í rýnihópaviðtölunum ræddu ýmsar leiðir sem þeir telja vera árangursríkar en þær eiga allar það sameiginlegt að tengsl setranna og íbúa verði meira á persónulegum nótum og að starfsmenn setranna fari með kynningar á starfseminni út til íbúa. Starfsemi eins og kynning á námsráðgjöf, ráðgjöf við frumkvöðla og rannsóknarstarfsemi eru þættir sem íbúar vita minna um

og mikilvægt er að kynna. Markmiðið ætti að vera að skapa sjálfbær samfélög sem sýna seiglu og vinna ætti út frá staðarnálgunarhugmyndafræðinni (place-based approach).

Í því sambandi er mikilvægt að setrin hafi frumkvæði að því að málefni ungs fólks, kvenna og erlendra íbúa, sem hefur fjölgað verulega á undanförnum árum, verði skoðuð sérstaklega. Eins og sýnt var hér að framan flytjast konur frekar úr smærri samfélögum og einnig nýta þær sér fjarnámsmöguleikann í meira mæli en karlar. Vegna þess að konur virðast hafa úrslitavald hvar fjölskyldan setur sig niður er brýnt að skoða hvað það er sem veldur því að konur flytja og hvað þurfi að vera til staðar svo þær vilji búa í smærri samfélögum. Eitt af markmiðum setranna er að auka búsetugæði og lífsgæði íbúa og eru íbúar sammála því að það sé hlutverk þeirra. Setrin eru í lykilstöðu til þess að kortleggja hver staðan er, hvað veldur og laga starfsemi að ofangreindum hópum. Einnig að vinna með samfélaginu við að breyta því sem þarf, t.d. þeirri karlamenningu sem virðist vera ríkjandi.

Í rafrænu spurningakönnuninni var áberandi hversu fáir karlar tóku þátt en rýnihóparnir gerðu það ekki að umtalsefni og virtust ekki hafa svör við því hvers vegna svo væri. Í því umhverfi sem setrin starfa á sviði háskólamenntunar, rannsókna, menningar og nýsköpunar hefur hlutur kvenna aukist mjög á undanförnum árum. Því mætti spyrja sig þeirra spurninga hvar karlarnir séu og hvort það geti verið að sú uppbygging þekkingarsamfélagsins og þeirrar starfsemi sem fram fer í þekkingarsetrunum hvorki henti né höfði til karla. Setrin gætu haft frumkvæði að því að þetta verði rannsakað.

Þegar á heildina er litið voru þátttakendur í rannsókninni ánægðir með starfsemi þekkingarsetranna, töldu umræðuna um þau vera jákvæða og að þau væru mikilvæg í byggða- og samfélagsþróun. Þá virtist þátttakendum líða vel í því samfélagi sem þeir bjuggu í, en voru jafnframt meðvitaðir um þau atriði sem betur mættu fara í samfélögunum. Þessar niðurstöður er brýnt að setrin nýti sér til áframhaldandi þróunar á starfsemi sinni svo krafturinn og hugmyndaauðgin sem einkenndi starfsemi í upphafi nái sér á strik á nýjan leik. Þekkingarsetrin þyrftu meðvitað að þróa starfsemi sína í þá átt að verða nokkurs konar miðstöð (one-stop-shop) sem allt samfélagið hefði aðgang að. Til þess gæti þurft að breyta starfseminni og laga hana að breyttum aðstæðum og kröfum í samfélögunum sem orðið hafa á undanförnum árum. Þekkingarsetur á landsbyggðinni standa á ákveðnum tímamótum. Þau hafa fest sig í sessi hvert á sínu starfssvæði og rykið hefur sest. Hætta er á ákveðinni stöðnun í starfseminni og þurfa setrin sífellt að leita leiða til þess að það gerist ekki.

7. Tillögur

Eitt af meginmarkmiðum rannsóknarninnar var að leita leiða til að efla starfsemi þekkingarsetra enn frekar og/eða berja í þá bresti sem rannsóknin kann að leiða í ljós. Eitt og annað varðandi starfsemi setranna kom í ljós en segja má að þekkingarsetrin standi styrkum fótum og þykja mikilvægar stofnanir í samfélögunum. Rannsóknin leiddi í ljós nokkra bresti sem nauðsynlegt er fyrir setrin að berja í svo starfsemin nái að þjóna þeim tilgangi sem til er ætlast, þ.e. að efla samfélögin á starfssvæði þekkingarsetrinna. Eftirfarandi tillögur að úrbótum eru settar hér fram en hugsanlega þurfa setrin að fara í viðræður við ríkisvaldið og/eða sveitarfélögin um aukið fjármagn til einhverra af þessum verkefnum:

1. Markaðs- og kynningarstarf.

- 1.1. Gera átak í markaðs- og kynningarstarfi og ráða til þess fagaðila. Áhersla lögð á að kynna þekkingarsetrin sem *miðstöð* eða *one-stop-shop*.
- 1.2. Leggja áherslu á að tengjast betur samfélögum sem eru fjær höfuðstöðvunum, huga að unga fólkinu, eldri borgurum og erlendum íbúum.
- 1.2. Vinna út frá hugmyndafræðinni um staðarvitund með það að markmiðið að styrkja tengsl íbúa við þann stað og samfélag sem þeir búa í.

2. Nýsköpun

- 2.1. Hafa frumkvæði að viðræðum við ríki- og sveitarfélög um fyrirkomulag nýsköpunarstarfs á starfssvæðum setranna til framtíðar.
- 2.2. Efla og kynna nýsköpunarstarf og ráðgjöf fyrir frumkvöðla. Sjónum sérstaklega beint að erlendum íbúum á starfssvæðunum.
- 2.3. Efla starfsemi Fab lab smiðja og tengja þær við nýsköpun og rannsóknir.
- 2.4. Kynna nýsköpunarráðgjöf og vinnuaðstöðu fyrir frumkvöðla, halda nýsköpunarkeppni grunn- og/eða framhaldsskóla og fyrir almenning, halda helgarnámskeið og annað sem beinir kastljósinu að nýsköpun.

3. Rannsóknir

- 3.1. Fara í samstarf við grunn- og framhaldsskóla á starfssvæðunum og skipuleggja vísindaferðir með nemendum, kennslu í vísindalegum vinnubrögðum og vefa þátttöku nemenda inn í rannsóknarverkefni.
- 3.2. Auka þverfaglegar rannsóknir innan setra og tengjast rannsóknarstofnunum annarra setra með rannsóknir í huga þvert á svæði.
- 3.3. Hafa frumkvæði að rannsóknum á stöðu karla og kvenna í dreifðum samfélögum þar sem áhersla væri á líðan og lífsgæði íbúa.

3.4. Kortleggja og rannsaka stöðu erlendra íbúa með áherslu á nýsköpun, háskólanám og símenntun með það að markmiði að efla þátttöku þeirra í samfélaginu.

4. Háskólanám og símenntun

4.1. Hafa frumkvæði að viðræðum við háskólastigið um aukið framboð námsleiða í fjarnámi með áherslu á blandað nám.

4.2. Endurskoða framboð símenntunarnámskeiða í samráði við íbúa og huga að tólmstundanámskeiðum, námskeiðum fyrir einstaka hópa og íslenskukennslu fyrir erlenda íbúa.

4.3. Efla og kynna náms- og starfsráðgjöf þannig að allir íbúar hefðu aðgang að slíkri þjónustu.

Heimildaskrá

Alþingi. (1999). Pingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999 – 2001. Nr. 6/123. Sótt í janúar 2018 af <http://althingi.is/altext/123/s/0957.html>.

Alþingi. (2002). Pingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002 – 2005. Nr. 30/127. Sótt í janúar 2018 af <http://www.althingi.is/altext/127/s/1470.html>

Alþingi. (2011). Pingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2010 – 2013. Nr. 23/139. Sótt í janúar 2018 af <http://www.althingi.is/altext/139/s/1328.html>

Alþingi. (2014). Pingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014 – 2017. Nr. 21/143. Sótt í janúar 2018 af <http://www.althingi.is/altext/143/s/1083.html>

Alþingi. (2018). Pingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018 – 2024. Nr. 24/148. Sótt í janúar 2019 af <https://www.althingi.is/altext/148/s/1242.html>

Anna Guðrún Edvardsdóttir. (2016). *The interaction of the knowledge society and rural development in Iceland and Scotland*. Ph.D ritgerð frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Sótt í janúar 2018 af <https://opinvisindi.is/handle/20.500.11815/162>

Berck, T., Tano, S., og Westerlund, O. (2016). Regional sorting of human capital: The choice of location among young adults in Sweden. *Regional Studies* 50(5), 756-770.

Bjarnason, Th., & Thorlindsson, Th. (2006). Should I stay or should I go? Migration expectations among youth in Icelandic fishing and farming communities. *Journal of Rural Studies* 22, 290-300.

Byggðastofnun. (1999). Byggðir á Íslandi – aðgerðir í byggðamálum. Leiðbeinandi skýrsla til stjórnvalda við aðgerðir í byggðamálum. Sótt í janúar 2018 af https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/byggdir_a_islandi.pdf

Byrne, A., Duvvury, N., Macken-Walsh, A., og Watson, T. (2013). Gender, power and property: "In my own right". A *RERC Working paper series*, 2-20. Sótt í febrúar 2019 af https://aran.library.nuigalway.ie/bitstream/handle/10379/4595/Gender_Power_and_Property_WP.pdf?sequence=1&isAllowed=y

Carayannis, E. G., og Campbell, D. F. (2012). Mode 3 Knowledge Production in Quadruple Helix Innovative Systems. Twenty-first century democracy innovation and entrepreneurship for development. *Business* 7, 1-63.

Carayannis, E. G., og Rakhmatullin, R. (2014). The quadruple/quintuple innovation helixes and smart specialisation strategies for sustainable and inclusive growth in Europe and beyond. *Journal of the Knowledge Economy* 5, 212-239.

Charmichael, T., og Cunningham, N. (2017). Theoretical data collection and data analysis with gerunds in constructivist grounded theory study. *The Electronic Journal of Business Research Methods* 15(2), 59-73

Colapinto, C., og Porlezza, C. (2012). Innovation in creative industries: from the quadruple helix model to the systems theory. *Journal of the Knowledge Economy*, 3, 343-352.

Edvardsdóttir, A. G. (2013). Place and space for women in a rural area in Iceland. *Education in the North*, 20(Special Issue), 71-82.

Etzkowitz, H., & Leydesdorff, L. (1995). The triple helix-university-industry-government relations: a laboratory for knowledge based economic development. *EASST Review* 14, 14-19.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið. (2018). Tillaga til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2019-2023. Sótt í febrúar 2019 af <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=4d14dc20-3824-11e8-942a-005056bc530c>

Hagstofa Íslands. (2010a). Mannfjöldi eftir kyni 1998-2019. Sótt í febrúar 2020 af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_mannfjoldi_2_byggdir_sveitarfelog/MANO2001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=a0a6db92-8501-41b7-91f5-64bec831b256

Hagstofa Íslands. (2019b). Landsmönnum fjölgar um 2,4% á milli ára. Sótt í mars 2020 af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldinn-1-januar-2019/>

Hagstofa Íslands. (2020c). Mannfjöldi eftir kyni og sveitarfélögum 1998-2019. Sótt í maí 2020 af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_mannfjoldi_2_byggdir_sveitarfelog/MANO2001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=f00401f2-c476-4d2b-b633-e56c067c569d

Hagstofa Íslands. (2020d). Mannfjöldi eftir kyni og sveitarfélögum 2003-2019. Sótt í maí 2020 af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_mannfjoldi_2_byggdir_sveitarfelog/MANO2001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=87ea0a20-6040-4195-bf1d-35f4a34c3e49

Hagstofa Íslands. (2020e). Mannfjöldi eftir kyni og sveitarfélögum 2003-2019. Sótt í maí 2020 af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_mannfjoldi_2_byggdir_sveitarfelog/MANO2001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=e6604752-b2f9-4c97-b4a8-f7f7bbf2fb86

Hagstofa Íslands. (2020f). Mannfjöldi eftir kyni og sveitarfélögum 2003-2019. Sótt í maí 2020 af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_mannfjoldi_2_byggdir_sveitarfelog/MANO2005.px/table/tableViewLayout1/?rxid=37cfb356-2367-42df-838f-c760cb1c6896

Hagstofa Íslands. (2020g). Nemendur eftir skólastigi, tegund náms, almennu sviði og kyni 1997-2018. Sótt í maí 2020 af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag_skolamal_4_haskolastig_0_hsNemendur/SKO04103.px/table/tableViewLayout1/?rxid=e2fb4aa1-c89a-4f87-9051-ecf53e60a51c

Háskólafélag Suðurlands. (e.d.). Um okkur. Sótt í febrúar 2019 af <https://hfsu.is/um-okkur/>

Heng, L. H., Othman, N. F. M., Rasli, A. M., & Iqbal, M. J. (2012). Foruth pillar in the transformation of production economy to knowledge economy. *Procedia – Social and Behavioural Science* 40, 530-536.

Hills, G. J., & Lingard, R. (2003). *UHI – the making of a university*. Edinburgh Dunedin Academic Press.

Hogan, A., Carson, D., Cleary, J., Donnelly, D., Houghton, K., Philips, R., & Tanton, R (eds). (2014). *Community adaptability tool. Securing the wealth and wellbeing of rural communities*. A report done for the Australian Government as a part of RIRDC project no. PRJ-008426.

Karlsdóttir, A., og Ingólfssdóttir, A. (2011). Gendered outcomes of socio-economic restructuring: A tale from a rural village in Iceland. *NORA-Nordic Journal of Feminist and Gender Research*, 19(3), 163-180

Kolehmainen, J., Irvine, J., Stewart, L., Karasconyi, Z., Szabó, T., Alarinta, J., & Nordberg, A. (2016). Quadruple helix innovation and the knowledge-based development: lessons from remote, rural and less-favoured regions. *Journal of the Knowledge Economy* 7, 23-42.

Kristín Guðmundsdóttir og Sigrún Júlíusdóttir. (2006). Rýnihópar og rannsóknir í félagsráðgjöf. *Tímarit félagsráðgjafa* 1, 75-82.

Leibert, T. (2016). She leaves, he stays? Sex-selective migration in rural East Germany. *Journal of Rural Studies* 43, 267-279.

Lindqvist, M., Olsen, L. S., & Baltzopoulos, A. (2012). Strategies for interaction and the role of higher education institutions in regional development in the Nordic countries. Skýrsla frá Nordregio. Sótt í janúar 2018 af http://www.nordregio.se/Global/Publications/Publications%202012/NR2012_02.pdf

Manning, J. (2017). In vivo coding. Í Matthes, J. (ed.), *The international encyclopedia of communication research methods*. New York, NY, Wiley-Blackwell.
DOI: <https://doi.org/10.1002/9781118901731.iecrm027>

Menntamálaráðuneytið. (2003). *Skýrsla vinnuhóps menntamálaráðherra um háskólanámssetur á Austurlandi*. Sótt í febrúar 2019 af <https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/austurland.pdf>

Menntamálaráðuneytið. (2004). *Skýrsla vinnuhóps um háskólasetun á Vestfjörðum*. Sótt í febrúar 2019 af <https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/vestf.pdf>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2010). *Áfangaskýrsla um þekkingarsetur á Íslandi*. Sótt í janúar 2019 af <http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/SearchResult.xsp?documentId=A2D12EAAB1B61A6500257781004BFAE0&action=openDocument&SessionID=CUWK7R59EV>

NIKK Norden og Nordic Council of Ministers. (2018). Rural realities in the Nordic countries. Myndskeið af Youtube sótt í febrúar 2019 af <https://www.youtube.com/watch?v=8RJoQ0CyVWM&feature=youtu.be>

Norðurlandaráð og Norræna ráðherranefndin. (2018). „Kúl að vera kona í jaðarbyggð“. *Fréttir*. Sótt í febrúar 2019 af <https://www.norden.org/is/news/kul-ad-vera-kona-i-jadarbyggd>

Nyumba, T. O., Wilson, K., Derrick, Ch. og Mukherjee, N. (2017). The use of focus group discussion methodology: Insight from two decades of application in conservation. *Methods in Ecology and Evolution* 9, 20-32. Doi: 10.1111/2041-210X.12860.

Nýheimar Þekkingarsetur. (2018). Fréttir - Starfið í Nýheimum. Sótt í febrúar 2019 af <https://nyheimar.is/starfid-i-nyheimum/>

Nýheimar Þekkingarsetur. (e.d.). Starfsemi í Nýheimum. Sótt í febrúar 2019 af <https://nyheimar.is/starfsemi-i-nyheimum/>

Nielsen, H. (2010). Universities in Regional Systems of Innovation: Has the rural research centre in Höfn enhanced the interaction between the university and local actors? MA ritgerð frá CIRCLE og Háskólans í Lundi. Sótt í janúar 2018 af http://esst.eu/wp-content/uploads/Nielsen_H_Thesis1.pdf

Nordberg, K. (2015). Enabling regional growth in peripheral non-university regions- the impact of a quadruple helix intermediate organisation. *Journal of the Knowledge Economy* 6, 334-356.

Pini, B., Moletsane, R., og Mills, M. (2014). Education and the global rural: feminist perspective. *Gender and Education*, 26(5), 453-464.

Sim J., og Waterfield, J. (2019). Focus group methodology: some ethical challenges. *Quality and Quantity* 53, 3003-3022. Doi: 10.1007/s11135-019-00914-5.

Sveinn Aðalsteinsson. (2008). Háskólafélag Suðurlands. Þekking skapar sóknarfæri. Skýrsla um myndun mennta- og rannsóknaklasa á Suðurlandi. Sótt í febrúar 2019 af https://hfsu.is/wp-content/uploads/2017/11/HfSu_addragandi.pdf

Välimaa, J., & Hoffmann, D. (2008). Knowledge society discourse and higher education. *Higher Education* 56(3), 265-285.

Þekkingarnet Þingeyinga. (e.d1.). Starfsemi. Sótt í febrúar 2019 af <http://www.hac.is/um-stofnunina/saga/>

Þekkingarnet Þingeyinga. (e.d2.). Starfssvæði. Sótt í febrúar 2019 af <http://www.hac.is/starfssvaedi/>

Þóroddur Bjarnason, Ingi Rúnar Eðvarðsson, Ingólfur Arnarson, Skúli Skúlason og Kolbrún Ósk Baldursdóttir. (2016). Svæðisbundin áhrif íslenskra háskóla. *Tímarit um uppeldi og menntun* 25(2), 265-287.

Viðaukar

Viðtalspunktar

Rannsóknaspurningin

Hver er staða og hlutverk þekkingarsetra í byggðapróun? Hver eru áhrif þeirra í því samfélagi sem þau starfa?

1. Einstaklingur

- aldur
- menntun
- fjölskylduhagir
- núverandi starf
- þátttaka í félagsstörfum
- ólaunuð störf
- launuð störf
- pólitísk þátttaka/áhrif

2. Staða og hlutverk þekkingarsetursins

- Hvaða stofnanir falla þar undir? Og hvað með aðra þekkingarstafsemi.
- Hver er staða þekkingarsetursins og áhrif á samfélagið?
- Hvert er hlutverk þess og hvert á hlutverk þess að vera í byggðapróun?
- samskipti við sveitastjórn /ríkisvaldið – fjármögnun.
- Triple-helix model – Quatruple and Quintuple helix model.
- hver er stefna sveitarfélagsins varðandi þekkingarsetrin?
- stefna ríkisvaldsins – hver er hún og fer hún saman við stefnu sveitarfélagana?
- hvert stefnir og hvernig sér viðkomandi framtíðina fyrir sér?
- orðræðan um þekkingarsetrin í samfélaginu – hver er hún?
- hefur uppbyggingin skilað hagvexti inn í samfélagið – aukið samkeppnishæfnina
-

3. Lýsing á samfélögunum á starfssvæðunum. Hefur það breyst og þá hvernig og hvers vegna?

- Breytingarnar – hverjar hafa þær verið – hafa þekkingarsetrin haft áhrif
- gildismat – hver eru ríkjandi gildi í samfélaginu, karllæg/kvenlæg
- atvinna í samfélögunum – sjávarútvegur – landbúnaður – þjónusta
- atvinnumöguleikar í samfélögunum

4. Byggðapróun og dreifbýlismál. Hvernig snúa þau að þér og samfélagi þínu?

- hver hefur byggðapróunin verið í samfélögunum?
- hver er aðkoma sveitarfélaga að byggðamálum?
- byggðaaætlun stjórnvalda – er hún að skila árangri?
- atvinnumál – lífsgæði almennt – skiptir þetta máli?
- þekkingarsetrin sem byggðapróunartæki – á að nýta þau til slíks?
- hvers konar rannsóknir eru stundaðar á svæðinu?
- þín sýn á þekkingarsetrin
- Stuðla þekkingarsetrin að lífsgæðum fólks? Ef já, hvernig

5. Jafnréttismál – staða karla og kvenna í dreifðu samfélagi, hver er hún?

- kynja – og aldurssamsetning í sveitarfélögum á starfssvæðunum
- kynskiptur vinnumarkaður – eignarhald á auðlindum
- fjölbreytt atvinnutækifæri – störf fyrir háskólamenntað fólk

Spurningalisti

1. Kyn

- ☐ Karl
- ☐ Kona
- ☐ Vil ekki segja

2. Aldur

- ☐ undir 20 ára
- ☐ 20 – 40 ára
- ☐ 41 – 64 ára
- ☐ 65 ára og eldri
- ☐ Vil ekki segja

3. Búseta

- ☐ á starfssvæði Nýheima Þekkingarseturs – hér eftir nefnt Nýheimar
- ☐ á starfssvæði Háskólafélags Suðurlands – hér eftir nefnt Háskólafélagið
- ☐ á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga – hér eftir nefnt Þekkingarnetið

4. Hefur þú notið þjónustu Nýheima/Háskólafélagsins/Þekkingarnetsins?

- ☐ Já
- ☐ Nei

5. Ef já, hvaða þjónustu? – Krossa við allt sem á við

- ☐ Aðstöðu fyrir fjarnema
- ☐ Þjónustu er varðar próftöku í heimabyggð
- ☐ Endur- og símenntunarnámskeið
- ☐ Námsráðgjöf
- ☐ Ráðgjöf og aðstoð vegna frumkvöðlaverkefnis/nýsköpunar

() Aðstöðu vegna rannsóknarverkefna

() Fræðsluerindi

() Samfélagsviðburði

() Ráðstefnuhald

() Annað, hvað? _____

6. Hversu vel þekkirðu til starfsemi Nýheima/Háskólafélagsins/Þekkingarnetsins?

() mjög vel

() vel

() sæmilega

() illa

() ekkert

7. Sú starfsemi sem ég tel að íbúar í mínu samfélagi þekkja best er: - Krossa við allt sem við á

() þjónusta við nemendur

() endur- og símenntunarnámskeið

() rannsóknir

() námsráðgjöf

() menningarverkefni

() ráðgjöf vegna nýsköpunar

() Fræðsluerindi

() Samfélagsviðburðir

() Ráðstefnuhald

() Annað, hvað? _____

8. Ég tel að hlutverk Nýheima/Háskólafélagsins/Þekkingarnetsins sé að: - Krossa við allt sem á við.

() auka búsetugæði í samfélaginu

() bæta lífskjör íbúa

() styðja við nemendur sem eru í fjarnámi

() stuðla að framboði símenntunarnámskeiða

() skapa störf fyrir háskólamenntað fólk

- () auka fjölbreytileika í samfélaginu
- () vera miðstöð þekkingar og skapandi hugsunar
- () stuðla að öflugu rannsóknastarfi
- () vinna með frumkvöðlum
- () stuðla að nýsköpun í samfélaginu
- () vinna með atvinnulífinu í samfélaginu
- () þjónusta við innflytjendur
- () ekkert að ofangreindu
- () Annað, hvað? _____

**9. Ég tel að Nýheimar/Háskólafélagið/þekkingarnetið sé að vinna að eftirfarandi þáttum:
Krossa við allt sem við á.**

- () auka búsetugæði í samfélaginu
- () bæta lífskjör íbúa
- () styðja við nemendur sem eru í námi
- () veita einstaklingsmiðaða þjónustu og ráðgjöf
- () stuðla að framboði símennuntarnámskeiða
- () skipuleggja fræðsluerindi
- () skapa störf fyrir háskólamenntað fólk
- () auka fjölbreytileika í samfélaginu
- () vera miðstöð þekkingar og skapandi hugsunar
- () stuðla að öflugu rannsóknastarfi
- () vinna með frumkvöðlum
- () stuðla að nýsköpun í samfélaginu
- () vinna með atvinnulífinu á staðnum
- () þjónusta innflytjendur
- () standa fyrir samfélagsviðburðum
- () standa fyrir ráðstefnuhaldi
- () ekkert að ofangreindu
- () Annað, hvað? _____

10. Starfsemi Nýheima/Háskólafélagsins/Þekkingarnetsins er mikilvæg fyrir byggðaðróun í mínu samfélagi

- () mjög sammála
- () frekar sammála
- () frekar ósammála
- () mjög ósammála

11. Umræðan um Nýheima/Háskólafélagið/Þekkingarnetið í mínu samfélagi er jákvæð

- () mjög sammála
- () frekar sammála
- () frekar ósammála
- () mjög ósammála

12. Það er fjölbreytni í framboði á námi í fjarnámi á háskólastigi

- () mjög sammála
- () frekar sammála
- () frekar ósammála
- () mjög ósammála

13. Ef mjög/frekar ósammála, hvaða nám vilt þú sjá að boðið verði upp á?

14. Það er fjölbreytni í framboði endur- og símenntunarnámskeiða

- () mjög sammála
- () frekar sammála
- () frekar ósammála
- () mjög ósammál

15. Ef frekar/mjög ósammála, hvaða námskeið vilt þú sjá að boðið verði upp á?

16. Ég tel að eftirfarandi sé einkennandi fyrir samfélagið sem ég bý í: - Krossa við allt sem við á

- () jákvæðni
- () samheldni
- () samkennd
- () fjölskylduvænt
- () karllægt gildismat ríkjandi
- () kvenlægt gildismat ríkjandi
- () fjölmennig
- () kynskiptur vinnumarkaður
- () einhæft atvinnulíf
- () allir þekkja alla
- () fordómar
- () umburðarlyndi
- () jákvæð samskipti
- () Annað, hvað? _____

Spurning 5 – Ef já, hvaða þjónustu (svör við valmöguleikanum Annað)

Ýmis námskeið	Unnið fyrir þá sem verktaki við grafíska hönnun og haldið fyrirlestra og námskeið	Nota lesstofu
Hleðslunámskeið	Leiksýningar	Nám

Spurning 7 – Sú starfsemi sem ég tel að íbúar í mínu samfélagi þekkja best er: (svör við valmöguleikanum Annað)

Ráðgjöf vegna styrkumsókna	Bókasafn samfélagsins
----------------------------	-----------------------

Spurning 13 – Ef mjög/frekar ósammála, hvaða nám vilt þú sjá að boðið verði upp á?

Að háskólar, sérstaklega HÍ gyrði sig í brók og bjóði allt sitt nám í fjarnámi	Að staðlotur falli niður og að fólk þurfi ekki að fara suður
Meira nám í fjarnámi	Félagsráðgjöf og fleira
Endurmenntun í styttri námskeiðum, t.d. verkefnastjórnun, mannauðsstjórnun, markaðssetningu, rekstri og þjónustustjórnun	Háskólar landsins eru ekki að standa sig hvað fjarnám varðar, það er ekki við þekkingarsetrin að sakast
Kennslufræði, t.d.	Fleiri námsgreinar
Skrifstofu- og bókhaldsnám	Sem flest
Að nám í Háskóla Íslands sé sveigjanlegt líkt og á Akureyri og Bifröst	Fleiri greinar innan Háskóla Íslands, t.d. meira af heilbrigðisvísindum
Náttúruvísindi, líffræði, landfræði o.fl.	Iðngreinar
Það vantar að HÍ geti boðið upp á aukna þjónustu við nemendur sem stunda fjarnám	Fjarnámsmiðstöð til menntunar kennara, hjúkrunarfræðinga o.fl.
Finnst að allt nám eigi að vera í boði í fjarnámi	Allt almennt nám í HÍ
Allt háskólanám á Íslandi	Fjarnám hjá Háskóla Íslands
Möguleikar til náms í líf-, jarð- og landfræði – umhverfis- og náttúruvísindum	Kennaranám, hjúkrunarfræði, félagsfræði, landfræði
Endurmenntun kennara	Iðjupjálfar
Annað en kennaranám, uppeldisfræði og hjúkrunarfræði	Námskeið á vegum endurmenntunar HÍ mættu vera meira í fjarkennslu
Sjúkraliðar	Miðstöð fjarnáms
Fleiri tengd markaðssetningu	Hjúkrunarnám
Margt sem ekki er í boði í fjarnámi	Sálfræðinám á meistarastigi
Athuga með möguleika á að vera með námsbrautir staðsettar í Nýheimum svipað og gert er á Vestfjörðum	Hef aldrei fundið neitt nám sem er í boði í fjarnámi sem ég hef áhuga á

Spurning 15 – Ef frekar/mjög ósammála, hvaða námskeið vilt þú sjá að boðið verði upp á?

Tölvunámskeið	Bókhalds- og skrifstofunám
Alls konar, fleira en tungumálanámskeið	Afþreyingarnámskeið
Það eru ósköp fá námskeið í boði fyrir almenning	Meira af námskeiðum fyrir nýbúa, virkja betur nýbúa á svæðinu
Fyrir háskólamenntað starfsfólk	Meira af námskeiðum tengt tómstundum
Heildstætt nám tengt ævimenntun	Matvælatengdum greinum
Það er lítið af menntunarnámskeiðum í boði	Kennaramenntun
Fjölbreytt nám í iðnmenntunarfögum	Foreldranámskeið um uppeldi barna
Endurmenntun af ýmsu tagi, rannsóknir og raunvísindi	Hægt er að finna námskeið en markaðurinn er lítill svo framboðið er líka lítið
Vantar meiri fjölbreytileika í námskeiðsframboð	Tíðara framboð á íslenskunámskeið fyrir útlendinga til að koma til móts við alla
All mögulegt er varðar daglegt líf, loftslagsógnir, hvað við getum gert, streyma meira, hafa útsendingakerfið í lagi en það hefur ekki verið svo.	

Spurning 16 - Ég tel að eftirfarandi sé einkennandi fyrir samfélagið sem ég bý í (svör við valmöguleikanum *Annað*)

Það þarf að vinna að því að draga úr slúðri og dómum um náungann	Bæði karllæg og kvenlæg gildi eru ríkjandi en fer eftir sviðum
Ættarveldi	Mjög lokað samfélag og erfitt að verða hluti af því sem útlendingur
Það hefur verið merkjanleg breyting með tilliti til þessara spuringa á síðustu 10 árum, t.d. var samkennd og samstaða sterkari en er nú	

